isavia

# Árs- og samfélagsskýrsla

2017



# EFNISYFIRLIT


| | |
|---|---|
| UM ISAVIA | 4 |
| ISAVIA Í SAMFÉLAGINU | 26 |
| ISAVIA OG UMHVERFIÐ | 46 |
| EFNAHAGUR ISAVIA | 56 |


Hönnun og umbrot:
**Hvíta húsið**

Rafræna útgáfu ársskýrslunnar
er að finna á www.isavia.is/arsskyrsla



# UM ISAVIA


6 — STARFSEMI ISAVIA
8 — MIÐSTÖÐ FLUGS Á NORÐUR-ATLANTSHAFI
10 — ÁVARP STJÓRNARFORMANNS
14 — STJÓRNARHÆTTIR
16 — FRAMKVÆMDARÁÐ
20 — ÚRBÆTUR ÁRIÐ 2017 OG MARKMIÐ ÁRSINS 2018


Isavia gefur nú í annað sinn út árs- og samfélagsskýrslu. Markmiðið er að gefa dýpri mynd af starfsemi félagsins og áhrif þess á samfélagið. Skýrslan fylgir viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI-G4) ásamt sérákvæðum um starfsemi flugvalla.

Á næstu árum verður unnið enn frekar að því markmiði að efla sjálfbærni félagsins. Upplýsingar í skýrslunni miðast við árið 2017.

# STARFSEMI ISAVIA






**FRAMTÍÐARSÝN**
Miðstöð flugs á Norður-Atlantshafi.

**HLUTVERK**
Isavia er þjónustufyrirtæki í flugvallastarfsemi og flugleiðsögu og leggur grunn að flugsamgöngum Íslands.

Við vinnum saman að því að vera hluti af góðu ferðalagi innanlands sem utan.

Isavia er opinbert hlutafélag sem annast rekstur, viðhald og uppbyggingu áætlunarflugvalla og lendingarstaða á Íslandi. Auk þess veitir félagið flugleiðsöguþjónustu í innanlands- og alþjóðaflugi yfir norðanverðu Norður-Atlantshafi.

Kjarnastarfsemi félagsins er þrískipt: Rekstur Keflavíkurflugvallar, flugleiðsöguþjónustu og annarra íslenskra flugvalla. Rekstrarskipan kjarnasviðanna er í eðli sínu mjög ólík. Keflavíkurflugvöllur er að fullu rekinn á viðskiptalegum forsendum sem þýðir að hann er sjálfbær. Rekstur annarra hérlendra flugvalla er ósjálfbær og grundvallast á samningi félagsins við innanríkisráðuneytið sem ákvarðar þjónustustig, rekstur og viðhald. Framlag ríkisins nemur um 70% af heildartekjum flugvallanna. Rekstur flugleiðsögu í efra loftrými yfir Norður-Atlantshafi grundvallast á samningi við 24 ríki um þjónustu og fjármögnun sem byggir gjaldtöku á kostnaðargrunni.

Dótturfélög Isavia eru fjögur og hafa hvert um sig mismunandi tilgang. Fríhöfnin selur tollfrjálsan varning á Keflavíkurflugvelli, Tern systems framleiðir hugbúnað fyrir flugleiðsögu, Domavia heldur utan um hluta af fasteignum Isavia og Suluk heldur utan um rekstur flugleiðsögu á Grænlandi.

Isavia rekur fjóra alþjóðaflugvelli, Keflavíkurflugvöll, Reykjavíkurflugvöll, Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll. Auk þeirra eru 10 lendingarstaðir fyrir reglubundið áætlunarflug innanlands. Félagið hefur einnig umsjón með 36 öðrum lendingarstöðum um land allt.

Á Keflavíkurflugvelli eru tvær flugbrautir sem eru 3.054 og 3.065 metrar að lengd. Á Reykjavíkurflugvelli eru tvær brautir, 1.567 og 1.230 metrar, á Akureyrarflugvelli ein 2.400 metra braut og á Egilsstaðaflugvelli ein braut sem er 2.000 metrar. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir hafa 634 til 1.887 metra langar flugbrautir.

# MIÐSTÖÐ FLUGS Á NORÐUR-ATLANTSHAFI

ÁRIÐ 2017 EINKENNDIST AF ÁFRAMHALDANDI AUKNINGU UMSVIFA HJÁ ISAVIA OG ÞÁ SÉRSTAKLEGA SEM SNÝR AÐ ÞJÓNUSTU VIÐ MILLILANDAFLUG.

Aldrei áður hafa farið jafn margar flugvélar um flugstjórnarsvæði Isavia, og sömu sögu er að segja af fjölda millilandafarþega sem fóru um íslenska áætlunarflugvelli á síðasta ári. Þá varð fjölgun farþega í áætlunarflugi innanlands þriðja árið í röð eftir samdrátt síðustu fjögur árin þar á undan. Þó enn sé nokkuð í að fjöldi farþega nái þeim tölum sem hæst hafa sést í innanlandskerfinu þá virðist viðsnúningurinn ætla að halda sér.

## Innanlandsflug

Vel þarf að hlúa að innanlandsflugi á Íslandi. Það er ljóst að þessi tegund almenningssamgangna á í harðri samkeppni við annan niðurgreiddan samgöngumáta. Sem fyrr leggur Isavia mikla áherslu á að innanlandsflug sé raunverulegur valkostur þegar kemur að ferðalögum innanlands. Aftur á móti er núverandi fyrirkomulag fjármögnunar á viðhaldi og rekstri innviða innanlandskerfisins, sem eru í eigu og á ábyrgð íslenska ríkisins komið að þolmörkum og raunveruleg hætta á að draga þurfi úr þjónustu vegna skorts á eðlilegu viðhaldi. Isavia hefur lagt á það áherslu að eigandi innviðanna, íslenska ríkið, tryggi langtímafjármögnun til verkefnisins til að innanlandsflug verði áfram raunverulegur valkostur við annan samgöngumáta innanlands. Tíminn hleypur hratt frá þessu gríðarmikilvæga verkefni og það er hætt við að ákveðin mannvirki í innanlandskerfinu verði fyrr en síðar það slitin og illa fari að kostnaður við að koma þeim í nothæft form margfaldist.



## Flugleiðsöguþjónusta

Umferðaraukning einkenndi rekstur flugleiðsöguþjónustunnar sem er í takt við fyrri ár. Þessi mikla aukning umsvifa krefst aukins mannafla og uppfærðs tækjabúnaðar. Um þessar mundir er unnið að endurnýjun á fluggagnakerfi flugstjórnarmiðstöðvarinnar. Nýja kerfið mun leysa af núverandi kerfi sem hefur verið í rekstri í um 17 ár og er að nálgast hámarksafkastagetu. Kerfið verður hannað af Tern, dótturfélagi Isavia, í samvinnu við flugleiðsögusvið Isavia.

Síðasta ár var fyrsta heila rekstrarár Suluk, sem er dótturfélag Isavia sem leggur til flugumferðastjóra sem annast flugumferðarstjórn á flugvellinum í Kangerlussuaq í Syðri-Straumfirði á Grænlandi. Hluti verkefnisins felst að auki í þjálfun þarlendra flugumferðastjóra sem munu annast þess þjónustu til framtíðar. Isavia og forverar þess hafa í fjölmörg ár átt mjög gott samstarf við bæði Grænland og Danmörku á sviði flugleiðsögu. Það er ánægjulegt að sjá gott langtímasamstarf útvíkkað með þessum hætti.

## Keflavíkurflugvöllur

Farþegahreyfingar á Keflavíkurflugvelli jukust um hátt í 2 milljónir eða 28% á árinu 2017. Um er að ræða svo til sömu aukningu hreyfinga og árið á undan. Farþegaspá Isavia gerir ráð fyrir aukningu upp á ríflega 1,6 milljón farþegahreyfinga á þessu ári. Þó svo að hún sé áætluð minni en á síðasta ári þá eru hún samt veruleg. Hlutfallslega hefur aukningin síðustu árin verið meiri utan sumars en innan sem er í takt við áherslu flugvallarins, ferðaþjónustunnar og notenda flugvallarins. Árið 2017 var fyrsta árið í sögu Íslands þar sem fjöldi erlendra ferðamanna á sumartímabilinu júní til ágúst var svo til jafn mikill og fjöldi erlendra ferðamanna á vetrartímabilinu janúar til mars og nóvember til desember. Þessu til viðbótar gera farþegaspár ársins 2018 ráð fyrir því að fleiri erlendir ferðamenn muni heimsækja Ísland yfir vetrartímabilið heldur en sumartímabilið. Þessi árangur er eftirtektarverður og það er sérstaklega áhugavert að benda á að fjöldi ferðamanna sem heimsækir Ísland að jafnaði yfir vetrarmánuðina er orðinn meiri en yfir sumarmánuðina árið 2015. Þessi árangur er eftirtektarverður og það er eingöngu samstillt átak allra sem koma að ferðaþjónustu sem skilar slíkum niðurstöðum og miklu skiptir að þessi mikilvæga atvinnugrein vinni áfram sem ein heild, atvinnugreininni og Íslandi til heilla. Þá er ekki síður mikilvægt að stjórnvöld standi vörð um greinina og leggi ekki steina í götur hennar.

Ef Keflavíkurflugvöllur á áfram að taka við fjölgun farþega er nauðsynlegt að áframhald verði á uppbyggingunni. Leitað verður allra leiða til að standa vörð um samkeppnishæfni Keflavíkurflugvallar. Kostnaðarverðshækkanir síðustu ára hafa þegar haft áhrif og veruleg uppbygging á tiltölulega skömmum tíma getur vart leitt til annars en hækkunar á notendagjaldskrá flugvallarins. Ef Keflavíkurflugvöllur á að halda samkeppnishæfni sinni til framtíðar verða allir sem hlut eiga að máli að vera vel meðvitaðir um áhrif kostnaðaraukningar á eftirspurn.




## Áfram hluti af góðu ferðalagi

Á síðasta ári var áfram unnið að því að skerpa á framtíðarsýn félagsins sem miðstöð flugs á Norður-Atlantshafi. Lykillinn að þeim árangri liggur í samstilltu átaki starfsmanna Isavia þar sem þjónusta við farþega, flugrekendur og aðra viðskiptavini leikur lykilhlutverk. Isavia hefur sett sér það markmið að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra tugmilljóna ferðamanna sem nýta sér þjónustu félagsins en til að svo megi vera er nauðsynlegt að starfsmenn vinni saman að þessu mikilvæga markmiði.

Ég hlakka mikið til að vera áfram hluti af góðu ferðalagi samstarfsmanna minna og vil senda öllum starfsmönnum Isavia mínar bestu þakkir fyrir þeirra þátt og framlag í þeim góða árangri sem við náðum í starfsemi fyrirtækisins árið 2017. Þá er aðdáunarvert að horfa á starfsmenn Isavia taka jafn afgerandi þátt í að vera hluti af góðu ferðalagi okkar viðskiptavina og raun ber vitni.

Björn Óli Hauksson

# ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

## REKSTUR ISAVIA ÁRIÐ 2017 VAR UM MARGT VIÐBURÐARÍKUR LÍKT OG UNDANFARIN ÁR.



Aukning umsvifa á öllum sviðum einkenndu rekstur félagsins og sem fyrr voru það umsvif vegna þjónustu við millilandaför sem voru ráðandi þáttur í vextinum. Miklar breytingar hafa orðið á rekstri félagsins frá stofnun þess árið 2010 og vægi mismunandi starfsþátta hefur breyst umtalsvert. Þá breytingu má að stærstum hluta rekja til fjölgunar millilandafarþega, sem fara um Keflavíkurflugvöll, og aukinnar flugumferðar á íslenska flugstjórnarsvæðinu, sem er eitt hið stærsta í heiminum, en liðlega fjórðungur alls flugs yfir Norður-Atlantshaf fer þar um.

Kjarnasvið Isavia skiptast í flugleiðsöguþjónustu, innanlandsflugvelli og Keflavíkurflugvöll. Árið 2011, sem var fyrsta heila rekstrarár Isavia, nam hlutur flugleiðsöguþjónustu 31% af veltu félagsins, innanlandsflugvalla 12% og hlutur Keflavíkurflugvallar 57%. Á síðasta ári, sem jafnframt var langumsvifamesta ár félagsins, nam velta flugleiðsöguþjónustu um 24%, velta innanlandsflugvalla 7% og Keflavíkurflugvallar 69%. Rekstur Keflavíkurflugvallar stendur undir 87% af rekstrarafkomu fyrir afskriftir og hefur vægi Keflavíkurflugvallar í rekstrinum því aukist umtalsvert. Ljóst er að þar liggja stærstu tækifærin til áframhaldi vaxtar og arðsemi.

### Framsetning ársskýrslu

Isavia gefur nú í annað sinn út árs- og samfélagsskýrslu, þar sem fylgt er viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI G4) ásamt sérákvæðum um starfsemi flugvalla. Ánægjulegt er hversu vel félaginu hefur tekist að fylgja því leiðarljósi sem sett var árið 2016 um samfélagsábyrgð með áherslu á jafnvægi milli efnahags, umhverfis og samfélags. Jafnframt hefur áhersla verið lögð á að uppfylla ákvæði almennrar eigandastefnu ríkisins um opinber hlutafélög, en samkvæmt henni skal félagið m.a. setja sér stefnu um umhverfismál, sjálfbæra þróun og samfélagslega ábyrgð auk starfsmanna- og starfskjarastefnu. Mörkuð hefur verið stefna í öllum þessum málaflokkum fyrir Isavia auk þess sem félaginu hefur verið sett áhættustefna, innkaupastefna, markaðsstefna, öryggisstefna, gæðastefna og stefna í upplýsingaöryggi félagsins.

**ÁNÆGJULEGT ER HVERSU VEL FÉLAGINU HEFUR TEKIST AÐ FYLGJA ÞVÍ LEIÐARLJÓSI SEM SETT VAR ÁRIÐ 2016 UM SAMFÉLAGSÁBYRGÐ MEÐ ÁHERSLU Á JAFNVÆGI MILLI EFNAHAGS, UMHVERFIS OG SAMFÉLAGS.**

### Stjórnarhættir

Stjórn Isavia hefur sett sér ítarlegar starfsreglur, er m.a. kveða á um að fylgja beri leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland. Starfsreglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins sem og stjórnháttayfirlýsing félagsins sem endurnýjuð var í mars 2018. Þá leggur Isavia áherslu á launajafnrétti og hlaut félagið gullmerki jafnlaunaúttektar PwC árið 2017, þriðja árið í röð. Unnið er að undirbúningi fyrir jafnlaunavottun sem áformað er að ljúki fyrir árslok 2018.

### Nauðsyn endurbóta á innanlandsflugvöllum

Hlutverk Isavia í rekstri og uppbyggingu innanlandsflugvalla er skilgreint í þjónustusamningi við samgönguráðuneytið, en ábyrgð á fjármögnun reksturs og uppbyggingar þeirra liggur hjá ríkinu. Fjármögnun er ákveðin til eins árs í senn og er ljóst að fenginni reynslu að illkleift er og óhagkvæmt að sinna jafn umfangsmiklum rekstri og uppbyggingu, sem öryggiskröfur um flugvelli krefjast, án þess að fjármögnun sé tryggð til lengri tíma. Auk þess hefur viðvarandi skortur á rekstrarfé leitt til þess að ekki hefur verið hægt að sinna fullnægjandi viðhaldi. Margir flugvellir eru því komnir á það stig að þeir lokast senn, ef ekki verður gripið inn í með myndarlegum hætti.

Á síðasta ári tók gildi ný reglugerð Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA), þar sem auknar kröfur eru gerðar til reksturs alþjóðaflugvalla. Auk Keflavíkurflugvallar þurfa því flugvellirnir á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík að uppfylla þær kröfur, þar sem þeir eru allir skilgreindir sem alþjóðaflugvellir. Breytingar fólust meðal annars í endurskoðun rekstrarhandbóka umræddra flugvalla, en þar er gerð grein fyrir því hvernig kröfum reglugerðarinnar verði mætt.

### Vöxtur flugleiðsöguþjónustunnar

Flugleiðsöguþjónusta Isavia hefur ekki farið varhluta af auknum umsvifum í millilandaflugi síðustu árin. Mikil þróun hefur orðið í tæknilausnum og þjálfun starfsmanna til að mæta þessum auknu umsvifum. Sem fyrr er lögð áhersla á að beita hagkvæmni og fyrirhyggju til að mæta óskum flugrekenda, en þeir kalla í síauknum mæli eftir sveigjanleika og auknu hagræði. Á síðasta ári var tekin í notkun ný viðbygging við flugstjórnarmiðstöðina, þar sem skortur á rými var




farinn að þrengja verulega að stoðþjónustu. Á næstu árum þarf að huga að enn frekari stækkun og er undirbúningur þegar hafinn. Meginverkefnið verður að stækka flugstjórnarsalinn, en fyrirliggjandi áætlanir um flugumferð benda til þess að núverandi salur, sem var tekinn í notkun í eldri byggingu flugstjórnarmiðstöðvarinnar árið 1996, verði senn of lítill.

### Framtíðaruppbygging Keflavíkurflugvallar

Mörg undanfarin ár hefur verið unnið að framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli til að mæta mikilli og oft ófyrirséðri fjölgun farþega. Jafnhliða hefur verið unnið að undirbúningi og skipulagningu nýrra og umfangsmikilla framkvæmda sem aukið geta afkastagetu til lengri tíma. Markmiðið er að gera Keflavíkurflugvöll betur í stakk búinn til að vaxa sem millilandaflugvöllur fyrir farþega á leið til og frá landinu og sem skiptistöð milli Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu. Ekki verður ráðist í slíkar framkvæmdir á fullnægjandi hátt án þess að lögbundin og viðurkennd skipulagsvinna hafi áður farið fram. Stjórn Isavia hefur því á undanförnum árum lagt ríka áherslu á að ljúka og hraða þeirri vinnu, þannig að hver verkþáttur verði í sem mestu samræmi við þá heildarmynd sem horft er til við uppbyggingu flugvallarins. Endurskoðun á lögboðnu aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar sem hófst árið 2011 hlaut staðfestingu umhverfisráðherra í ágúst á síðasta ári. Samhliða var unnið að deiliskipulagi flugvallarsvæðisins og er áformað að þeirri vinnu ljúki á miðju ári 2018.

Jafnhliða vinnu við lögboðið aðalskipulag og deiliskipulag efndi Isavia árið 2014 til alþjóðlegrar hugmyndasamkeppni um þróunaráætlun, svonefnt Masterplan, sem tekur til skipulags flugvallarins á grundvelli umferðar- og farþegaspár til ársins 2040. Áætlunin er framtíðarsýn á landnýtingu, uppbyggingu flugvallarmannvirkja og umhverfisáætlun, sem nýtist öllum hlutaðeigandi við ákvarðanatöku um fjárfestingu og skipulagsmál á flugvellinum með hagkvæmni og vistvæna þróun að leiðarljósi. Sex alþjóðleg fyrirtæki með mikla reynslu í skipulagsmálum flugvalla tóku þátt í samkeppninni og var tillaga hönnunarstofunnar Nordic Office of Architecture í Noregi hlutskörpust. Fyrirtækið hefur komið að mörgum stórum flugvallarverkefnum. Vinna við verkefnið hófst í byrjun árs 2015 og lauk því síðla sama ár. Starfsmenn Isavia hafa síðan unnið að mati á viðskiptagrundvelli áætlunarinnar og áhættugreiningu í nánu samstarfi við stærstu notendur, enda tekur þróun Keflavíkurflugvallar einkum mið af þeirra þörfum.

Með samþykkt aðalskipulags, afgreiðslu deiliskipulags og gerð þróunaráætlunar er grunnur lagður að öllum frekari hönnunar- og uppbyggingaráformum á Keflavíkurflugvelli fram til ársins 2040. Stjórn Isavia samþykkti þann 1. febrúar sl. að leggja þróunaráætlunina til grundvallar allri uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli og var jafnframt því samþykkt að hefja hönnun á fyrstu verkþáttum uppbyggingaráætlunar til ársins 2025. Þar er gert ráð fyrir því að á árinu 2018 verði boðin út bygging fyrir nýja farangursflokkunar- og skimunarstöð, austan við norðurbyggingu flugstöðvarinnar, sem áætlað er að verði tilbúin árið 2020. Einnig er áformað



að bjóða út á þessu ári framkvæmdir við áframhaldandi breikkun tengibyggingar sem áætlað er að verði tilbúin í árslok 2021. Alls nemur kostnaður við þennan framkvæmdaþátt ríflega 30 milljörðum króna á næstu þremur árum.

Í öðrum áfanga uppbyggingaráætlunar er áformað að bjóða út innan tveggja ára framkvæmdir við farþegaafgreiðslu í nýrri byggingu, sem rísa mun norðan við núverandi flugstöð og sömuleiðis nýrri komu- og brottfararálmu austur af henni. Áætlað er að byggingarnar verði teknar í notkun í áföngum á árunum 2023–2025. Með þessum framkvæmdum er gert ráð fyrir að mætt verði þeirri farþegaaukningu sem áætluð er næsta áratuginn.

Hafa verður í huga, að hér er um að ræða áætlun um uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli, sem gerir ráð fyrir því að farþegaspár flugrekstraraðila og rekstrarmódel þeirra og Isavia standi vel undir. Það verður svo meginverkefni stjórnar og stjórnenda Isavia í náinni samvinnu við stærstu flugrekendur á Keflavíkurflugvelli að haga tímasetningu framkvæmda í samræmi við endurmetnar farþegaspár og rekstrarmódel frá ári til árs.

### Eitt lið

Fjöldi farþega sem fer um Keflavíkurflugvöll var á síðasta ári fjórum sinnum meiri en á stofnári Isavia árið 2010. Flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu hefur á sama tíma aukist um 81% og flugumferð um innanlandsflugvellina um 4,5%. Starfsfólk Isavia hefur með einstakri samvinnu og samstilltu átaki tekist á við þessa miklu aukningu, sem á sér vart hliðstæðu og reyndist oft umfram væntingar. Þrátt fyrir óhjákvæmilega vaxtarverki verður ekki annað sagt en að mun betur hafi tekist til við úrlausn mála en við mátti búast í ljósi aðstæðna. Því er sérstök ástæða til þess að þakka starfsmönnum Isavia frábæra frammistöðu og ósérhlífni við krefjandi aðstæður. Sömuleiðis er ástæða til þess að þakka flugrekendum, rekstraraðilum á Keflavíkurflugvelli, framkvæmdaaðilum og starfsmönnum þeirra fyrir farsæla samvinnu um fjölbreytt og flókin úrlausnarefni. Allt hefur þetta starf átt sinn þátt í öflugum vexti ferðaþjónustunnar, auknum gjaldeyristekjum þjóðarinnar og hagsæld, sem vonandi stendur um komandi framtíð.

Ingimundur
Sigurpálsson

# STJÓRNARHÆTTIR



## Uppbygging og samsetning stjórnarhátta

Isavia er opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Um starfsemi félagsins gilda lög nr. 153/2009 um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar, lög nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar, lög nr. 102/2006 um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarrekstur Flugmálastjórnar og lög um loftferðir nr. 60/1998.

Stjórnarhættir félagsins taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, almennri eigendastefnu ríkisins frá ágúst 2012, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar.

Stjórn félagsins hefur í störfum sínum „Leiðbeiningar um stjórnarhætti“ til hliðsjónar og uppfyllir þær í öllum meginatriðum þrátt fyrir að félaginu beri ekki að fylgja leiðbeiningunum lögum samkvæmt.

Ein undirnefnd, starfskjaranefnd er starfandi undir stjórn félagsins. Stefna hefur verið sett um samfélagslega ábyrgð. Ekki hafa fallið neinir dómar þar sem félagið er talið hafa brotið í bága við lög eða reglur.

## Stjórn Isavia

Í stjórn Isavia sitja fimm aðalmenn, og fimm varamenn kjörnir á hluthafafundi til eins árs í senn. Stjórnarmenn eru tilnefndir af fjármála- og efnahagsráðherra. Kynjahlutfall í stjórn Isavia er 40% konur og 60% karlar. Allir stjórnarmenn teljast vera óháðir í skilningi „Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja“.

## Störf og starfsreglur stjórnar

Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar og forstjóra eru skilgreind. Gildandi starfsreglur voru samþykktar á stjórnarfundi 6. apríl 2017. Þar er m.a. tilgreind skipting starfa innan stjórnar, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, um fundarsköp og fundargerðir, um þagnarskyldu, upplýsingagjöf gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar.

Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Meginhlutverk hennar er að stýra félaginu milli hluthafafunda og tryggja að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna auk þess að staðfesta rekstrar- og fjárfestingaáætlanir og sjá til þess að þeim sé fylgt. Stjórn tekur meiri háttar ákvarðanir í rekstri félagsins og sér um að hann sé í samræmi við lög og reglur sem ber að fylgja. Þá hefur starf stjórnar það að markmiði að stuðla að viðgangi félagsins og tryggja árangur þess til langs tíma litið með því að setja félaginu stefnu í samstarfi við stjórnendur.

## Stjórn 2017–2018

Ingimundur Sigurpálsson, fæddur 1951, viðskiptafræðingur, forstjóri Íslandspósts. Stjórnarformaður frá 2014.

Margrét Guðmundsdóttir, fædd 1954, viðskiptafræðingur. Varaformaður stjórnar Isavia frá 2017.

Helga Sigrún Harðardóttir, fædd 1969, lögfræðingur, framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands. Stjórnarmaður frá 2017.

Matthías Imsland, fæddur 1974, stjórnmálafræðingur. Stjórnarmaður frá 2014. Varaformaður stjórnar 2014–17.

Ólafur Þór Ólafsson, fæddur 1972, MPA, kennari, forseti bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar. Stjórnarmaður frá 2017.

## Varastjórn

Erla Björg Guðmundsdóttir, fædd 1975, viðskiptafræðingur MBA, ráðgjafi.

Heiða Kristín Helgadóttir, fædd 1983, stjórnmálafræðingur, framkvæmdastjóri Efni Media. Aðalmaður í stjórn 2014–15.

Ingveldur Sæmundsdóttir, fædd 1970, viðskiptafræðingur MBA, aðstoðarmaður samgöngu- og sveitastjórnarráðherra.

Margrét Kristín Helgadóttir, fædd 1982, lögfræðingur, bæjarfulltrúi á Akureyri, lögfræðingur hjá Fiskistofu.

Sigrún Traustadóttir, fædd 1962, viðskiptafræðingur MBA, ráðgjafi. Aðalmaður í stjórn 2014–17.

Nánari upplýsingar um stjórn Isavia er að finna á isavia.is/um-isavia/stjorn

## Árangursmat stjórnar

Stjórn metur störf sín með reglubundnum hætti, verklag og starfshætti, framgang félagsins, frammistöðu forstjóra, svo og skilvirkni undirnefnda. Slíkt árangursmat felur m.a. í sér að leggja mat á styrkleika og veikleika í störfum og verklagi og að stjórnin hugi að þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara. Árangursmat fer fram með tvennum hætti, annars vegar með sjálfsmati sem fór fram í desember 2017 og hins vegar með mati sem utanaðkomandi aðili aðstoðaði við. Slíkt mat fór fram í janúar 2018.

## Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn hefur sett fram heildstæða áhættustefnu félagsins og skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri. Helstu áhættur sem fylgja fjármálagerningum samstæðunnar eru gengisáhætta, vaxtaáhætta og verðtryggingaráhætta. Sérstök áhættunefnd er starfandi og hefur hún umboð stjórnar til að ákvarða m.a. umfang og eðli mats á áhættu og arðsemisgreininga fyrir framkvæmdir og verkefni sem haft geta marktæk áhrif á rekstur og efnahag. Áhættunefndin, sem í sitja forstjóri, aðstoðarforstjóri, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, og deildarstjóri fjárreiðudeildar, gefur stjórn félagsins skýrslur með reglubundnum hætti. Félagið hefur ekki starfandi innri endurskoðanda, en endurskoðendur félagsins vinna afmarkaðar úttektir á starfsferlum félagsins.

## Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd er eina undirnefnd stjórnar. Í henni sitja formaður og varaformaður stjórnar Isavia. Helstu verkefni starfskjaranefndar er að undirbúa árlega drög að starfskjarastefnu sem lögð er fyrir aðalfund félagsins, undirbúa tillögu til aðalfundar um starfskjör stjórnarmanna og undirbúa tillögu til stjórnar um viðmið fyrir laun og önnur starfskjör forstjóra sem og framkvæmdastjóra dótturfélaga. Starfskjaranefnd hefur eftirlit með því að starfskjarastefnu sé framfylgt og að laun og starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og góðar starfsvenjur.

## Tilhögun samskipta hluthafa og stjórnar

Einn hluthafi, íslenska ríkið, á alla hluti félagsins og fer fjármála- og efnahagsráðherra með hluthafavaldið. Boðun á hluthafafund er send til tengiliðs í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Hluthafafundir eru meginvettvangur fyrir upplýsingagjöf til hluthafa sem fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórnarformaður og forstjóri áttu fundi með ráðherra eða fulltrúa hans á síðasta ári. Í störfum sínum fylgir stjórnin „Almennri eigandastefnu ríkisins: Hlutafélög og sameignarfélög“. Félagið sendir út fréttatilkynningar sem upplýsa um afkomu og um önnur atriði í rekstrinum.

## Stjórnarháttayfirlýsing 2018

Ný stjórnarháttayfirlýsing hefur verið gerð fyrir árið 2018 og er hún aðgengileg á vef félagsins: isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/fyrirtaekid/stjornarhaettir

## Siðareglur

Siðareglur Isavia gilda um alla starfsmenn og stjórnendur félagsins og eru hluti af ráðningarsamningum starfsmanna. Þær eru öllum aðgengilegar á innri vef félagsins og vef Isavia, www.isavia.is/um-isavia. Að auki er sérstakur kafli um vanhæfi í starfsreglum stjórnar. Þær eru aðgengilegar á vef félagsins, isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/fyrirtaekid/stefna-isavia.

## Forstjóri

Forstjóri hefur með höndum stjórn allrar daglegrar starfsemi skv. stefnu og fyrirmælum stjórnar. Daglegur rekstur nær ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Hann hefur ákvörðunarvald um öll rekstrar- og fjárhagsleg málefni félagsins og hefur umsjón með eignum þess. Forstjóri gerir stjórn grein fyrir starfsemi félagsins og afkomu á stjórnarfundum og ber ábyrgð gagnvart stjórn á hinum daglega rekstri og að í öllu sé farið eftir samþykktum félagsins, lögum og reglum.

Björn Óli Hauksson, fæddur 1961, með meistaragráðu í rekstrarverkfræði frá Álaborgarháskóla í Danmörku. Hann hefur verið forstjóri Isavia frá upphafi félagsins árið 2010.

# FRAMKVÆMDARÁÐ

## Í FRAMKVÆMDARÁÐI ERU TIL UMRÆÐU OG UPPLÝSINGA MÁLEFNI SEM ERU STEFNUMÓTANDI FYRIR STARFSEMI FÉLAGSINS Í HEILD. ÞÁ ER OG FARIÐ YFIR MÁLEFNI SEM SKARAST Á MILLI SVIÐA OG DEILDA.

Enn fremur hefur framkvæmdaráð forystuhlutverk í málefnum öryggis- og gæðastjórnunar hjá félaginu, ber meginábyrgð á stuðningi við framþróun og innleiðingu öryggis- og gæðastjórnunarkerfisins, hefur yfirumsjón með starfrækslu þess og virkni og metur árangur með tilliti til markmiða.

Fimm rekstrarsvið annast kjarnastarfsemi félagsins: flugleiðsögusvið, flugvallasvið, rekstrarsvið Keflavíkurflugvallar, tækni- og eignasvið Keflavíkurflugvallar og viðskiptasvið Keflavíkurflugvallar. Stoðsvið eru þrjú: Þróun og stjórnun, mannauður og árangur og fjármálasvið. Auk þess er staðla- og gæðadeild sérstök stoðeining. Yfirmenn rekstrar- og stoðeininga mynda framkvæmdaráð félagsins ásamt forstjóra.


1


2


3


4


5


6


7


8


9


10

1. Ásgeir Pálsson
2. Guðmundur Daði Rúnarsson
3. Björn Óli Hauksson
4. Helga Eyjólfsdóttir
5. Jón Karl Ólafsson
6. Sveinbjörn Indriðason
7. Elín Árnadóttir
8. Þröstur V. Söring
9. Hlynur Sigurðsson
10. Sigurður Ólafsson

### Flugleiðsögusvið
Flugleiðsögusvið hefur með höndum flugleiðsöguþjónustu í innanlandsflugi og alþjóðaflugi yfir Íslandi og stóru svæði yfir Grænlandi og Norður-Atlantshafi. Framkvæmdastjóri er Ásgeir Pálsson, fæddur 1951, flugumferðarstjóri. Framkvæmdastjóri hjá Isavia frá 2010.

### Flugvallasvið
Flugvallasvið annast rekstur og viðhald allra flugvalla landsins utan Keflavíkurflugvallar. Framkvæmdastjóri er Jón Karl Ólafsson, fæddur 1958, viðskiptafræðingur. Framkvæmdastjóri frá 2015.

### Rekstrarsvið Keflavíkurflugvallar
Rekstrarsvið Keflavíkurflugvallar annast flugvernd, flugvallaþjónustu og tækniþjónustu flugvallarins. Framkvæmdastjóri er Þröstur V. Söring, fæddur 1968, tæknifræðingur. Framkvæmdastjóri hjá Isavia frá 2014, á rekstrarsviði Keflavíkurflugvallar frá 2016.

### Tækni- og eignasvið Keflavíkurflugvallar
Tækni- og eignasvið hefur umsjón með stærri verklegum framkvæmdum, umhverfismálum , viðhaldi og rekstri fasteigna og farangurskerfis á Keflavíkurflugvelli. Framkvæmdastjóri er Guðmundur Daði Rúnarsson, fæddur 1979, rekstrarverkfræðingur. Framkvæmdastjóri frá 2016.

### Viðskiptasvið Keflavíkurflugvallar
Viðskiptasvið sér um farþegaþjónustu, rekstur verslunar- og veitingasvæðis og annast alla samningagerð við rekstraraðila á Keflavíkurflugvelli auk reksturs bílastæðaþjónustu og þróunar nýrra flugleiða. Framkvæmdastjóri er Hlynur Sigurðsson, fæddur 1974, rekstrarverkfræðingur. Framkvæmdastjóri hjá Isavia frá 2010, á viðskiptasviði Keflavíkurflugvallar frá 2016.

### Þróun og stjórnun
Þróun og stjórnun er stoðsvið sem er forstjóra og stjórn til aðstoðar. Starfsmenn hafa með höndum markaðs- og upplýsingamál, viðskiptaþróun, verkefnastofu, stefnumörkun, lögfræðileg málefni, skipulagsmál Keflavíkurflugvallar, umsjón með stjórnarháttum og samræmingu flugvalla og flugverndar. Framkvæmdastjóri er Elín Árnadóttir fædd 1971, viðskiptafræðingur.
Aðstoðarforstjóri og framkvæmdastjóri hjá Isavia frá 2010, framkvæmdastjóri þróunar og stjórnunar frá 2013.




## Mannauður og árangur

Mannauður og árangur er stoðsvið sem annast mannauðsmál, starfsþróun, þjálfun og fræðslu, launavinnslu og kjarasamninga, innri samskiptamál, stefnuinnleiðingu og árangursmælingar. Framkvæmdastjóri er Sigurður Ólafsson, fæddur 1962, rekstrarhagfræðingur. Framkvæmdastjóri frá 2013.

## Fjármálasvið

Fjármálasvið er stoðsvið sem hefur með höndum reikningshald, fjárstýringu, áhættustýringu, hagdeild, fjármögnun og eftirlit með innkaupum. Framkvæmdastjóri er Sveinbjörn Indriðason, fæddur 1972, hagfræðingur. Framkvæmdastjóri frá 2013.

## Staðla- og gæðadeild

Staðla- og gæðadeild er stoðdeild sem annast skipulag og samhæfingu öryggis- og gæðamála ásamt umsjón með umhverfismálum. Öryggis- og gæðastjóri er Helga Eyjólfsdóttir, fædd 1964, efnaverkfræðingur. Staðla- og gæðastjóri frá 2010.

Nánari upplýsingar um framkvæmdaráð Isavia er að finna á isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/fyrirtaekid/framkvaemdarad




# DÓTTURFÉLÖG

### Fríhöfnin ehf.

Fríhöfnin rekur fimm verslanir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, fjórar fyrir brottfararfarþega og eina fyrir komufarþega. Verslanirnar eru opnar í tengslum við áætlunarflug. Fríhöfnin leggur áherslu á fjölbreytt úrval innlendra og alþjóðlegra vörumerkja á hagstæðu verði. Fastir starfsmenn eru um 210 en á sumrin um 310. Framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar er Þorgerður Þráinsdóttir.

### Tern Systems ehf.

Tern Systems þróar og framleiðir hugbúnað fyrir flugleiðsöguþjónustu sem notaður eru í rekstri flugstjórnarmiðstöðva, flugturna og við þjálfun flugumferðarstjóra. Kerfi frá Tern Systems eru meðal annars notuð á Íslandi, Írlandi, Spáni og í Indónesíu ásamt Suður-Kóreu og Marokkó. Starfsmenn eru um 50 í aðalstöðvum félagsins á Íslandi. Framkvæmdastjóri Tern Systems er Magnús Þórðarson.

### Domavia ehf.

Domavia hýsir hluta af fasteignum Isavia. Sveinbjörn Indriðason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Isavia, fer með prókúru fyrir félagið.

### Suluk ApS

Suluk er grænlenskt einkahlutafélag í eigu Isavia. Félagið annast flugleiðsöguþjónustu á Grænlandi. Sveinbjörn Indriðason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Isavia, fer með prókúru fyrir félagið.

# ÚRBÆTUR ÁRIÐ 2017 OG MARKMIÐ ÁRSINS 2018

## ISAVIA STEIG ÞAÐ GÆFUSPOR AÐ TAKA UPP GRI VIÐMIÐ VIÐ ÁRSSKÝRSLUGERÐ Á SÍÐASTA ÁRI.

Ávinningurinn af þessari breytingu var að félagið fékk betra yfirlit yfir áhrifin sem starfsemin hefur á samfélagið en hún er í örum vexti og breytingar gerast hratt. Við þær aðstæður getur reynst erfitt að ná fram úrbótum, en viðmið á borð við GRI (Global Reporting Initiative) auðvelda mjög að sjá hvar áherslu er þörf. Félagið vann markvisst að úrbótaverkefnum á árinu og nokkur árangur hefur náðst á milli ára eins og sjá má í töflunni hér til hliðar.

Gera þurfti endurmat á fjórum þáttum. Tveir þeirra lúta að umhverfismálum. Lækka tókst orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda á hvern flugfarþega en þar sem fjölgun farþega var mikil jókst heildarnotkunin.

Í síðustu skýrslu var talin óveruleg hætta á brotum á félagafrelsi og barnavinnu þar sem Isavia er einungis með starfsemi á Íslandi. Rýni á leiðbeiningum um þessa þætti benti til þess að grípa mætti til aðgerða til að reyna að koma í veg fyrir að slík brot viðgengjust í virðiskeðju fyrirtækisins. Voru því samdar siðareglur fyrir birgja félagsins sem samþykktar voru af forstjóra um mitt ár 2017. Er nú unnið að innleiðingu, m.a. með viðeigandi ákvæðum í útboðum og samningum. Þar til siðareglurnar hafa verið innleiddar að fullu telur Isavia rétt að þessir þættir séu einungis uppfylltir að hluta.

65,2%



STARFSMANNA Í FÆÐINGARORLOFI ERU **KARLMENN**



## ÚRBÆTUR 2016-2017

● Uppfyllt
◐ Uppfyllt að hluta
○ Ekki uppfyllt
◌ Á ekki við

| Efni | | Staða '16 | Staða '17 | UNGC |
|---|---|---|---|---|
| **STJÓRNARHÆTTIR** | | | | |
| **HLUTVERK STJÓRNAR Í ÁHÆTTUSTJÓRNUN** | | | | |
| G4-45 | Skýrið hlutverk stjórnar í að greina áhrif, áhættu og tækifæri varðandi efnahags-, umhverfis- og samfélagsmál | ◐ | ● | |
| G4-46 | Greinið frá árangursmati stjórnar varðandi áhættustjórnun efnahags-, umhverfis- og samfélagsmála | ○ | ◐ | |
| G4-47 | Greinið frá árangursmati stjórnar varðandi tækifæri í efnahags-, umhverfis- og samfélagsmálum | ○ | ◐ | |
| **STARFSKJARASTEFNA OG HVATNINGAKERFI** | | | | |
| G4-52 | Skýrið ferli við ákvörðun um starfskjör æðstu stjórnenda | ◐ | ● | |
| **UMHVERFISMÁL** | | | | |
| **ORKA** | | | | |
| G4-EN4 | Óbein orkunotkun eftir orkutegund | ○ | ◐ | 7, 8 |
| G4-EN5 | Orkukræfni | ◌ | ◐ | 7, 8 |
| G4-EN6 | Lækkun á orkunotkun. Auk þess fyrir flugvelli: Sérstaklega mikilvægt fyrir flugvelli að viðhafa „bestu vinnubrögð" í geiranum. | ◐ | ○ | 7, 8 |
| G4-EN7 | Lækkun á orkuþörfum af framleiddri vöru og/eða þjónustu | ○ | ◐ | 7, 8 |
| **LOSUN** | | | | |
| G4-EN19 | Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda (GHL). Auk þess fyrir flugvelli: Fjalla sérstaklega um aðgerðir sbr. ACA | ● | ◐ | 8 |
| **FRÁRENNSLI OG ÚRGANGUR** | | | | |
| G4-EN22 | Heildarfrárennsli vatns eftir gæðum og viðtaka | ○ | ◐ | 8 |
| A06 | Sérákvæði fyrir flugvelli: Magn afísingarvökva sem er notaður í rúmmetrum og/eða tonnum | ◐ | ● | 7, 8 |
| G4-EN24 | Heildarfjöldi og magn vegna mikilsháttar leka | ○ | ● | 7 |
| **HÁVAÐI** | | | | |
| A07 | Sérákvæði fyrir flugvelli: Breyting á fjölda og prósentuhlutfalli fólks sem verður fyrir áhrifum frá hávaða vegna búsetu | ◐ | ● | 7, 8 |
| **MANNRÉTTINDI** | | | | |
| **FJÁRFESTINGAR** | | | | |
| G4-HR2 | Fjöldi klukkustunda sem fer í þjálfun vegna stefnu í mannréttindamálum og/eða fræðsla vegna verklagsreglna um mannréttindamál er varða starfsemi fyrirtækisins. Tilkynnið prósentuhlutfall starfsfólk sem hlotið hefur slíka þjálfun. | ○ | ◐ | 2 |
| **FÉLAGAFRELSI OG SAMEIGINLEGAR KJARAVIÐRÆÐUR** | | | | |
| G4-HR4 | Starfsemi og/eða birgjar sem hafa verið uppvísir að eða eru líklegir til að sniðganga lög um félagafrelsi og sameiginlegar kjaraviðræður og ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að tryggja slík réttindi. | ● | ◐ | 2 |
| **BARNAVINNA** | | | | |
| G4-HR5 | Starfsemi þar sem hætta er á að barnavinna viðgangist og aðgerðir sem gripið hefur verið til til að koma í veg fyrir slíka starfsemi. | ● | ◐ | 2 |

# MARKMIÐ ÁRSINS 2018

Isavia hefur sett átta markmið í samfélagslegri ábyrgð fyrir árið 2018 og gert aðgerðaráætlanir fyrir hvert og eitt. Við val á markmiðum og úrbótaverkefnum var horft sérstaklega til eðlis starfsemi fyrirtækisins og stefnu og hvað brýnast væri að vinna að.

Fyrir utan að horfa til GRI þáttanna við val á markmiðum fyrir árið 2018, voru þau tengd við skuldbindingu félagsins við meginreglur UN Global Compact, við hvatningaverkefnið „Ábyrg ferðaþjónusta", sem Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð og Íslenski ferðaklasinn stóðu að, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og stefnu félagsins. Air Transport Action Group (ATAG), sem eru samtök innan fluggeirans með það að markmiði að stuðla að sjálfbærum vexti, gaf út skýrslu árið 2017 þar sem þeir tengdu heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna við hugmyndir að úrbótaverkefnum fyrir fyrirtæki í flugtengdri starfsemi. Tók félagið einnig mið af skýrslugerð ATAG við mótun markmiðanna en þau tengjast fimm af heimsmarkmiðunum sautján.

### Heimsmarkmið 3: Heilsa og vellíðan

Félagið hefur sett sér markmið um að fækka slysum á starfsmönnum sem leiða til fjarveru. Markmiðið tengist heimsmarkmiði 3 óbeint og þá helst markmiði 3.6 sem gerir ráð fyrir að „helminga fjölda dauðsfalla og slysa vegna umferðarslysa" fyrir árið 2020. Í skýrslu Air Transport Action Group (ATAG) var þetta heimsmarkmið tengt síþjálfun í öryggisvitund í samhengi við fluggeirann og notar Isavia það viðmið.

### Heimsmarkmið 5: Jafnrétti kynjanna

Isavia hefur annars vegar sett sér markmið um sömu laun fyrir jafn verðmæt störf og hins vegar að fjölga kvenkyns stjórnendum í þriðja stjórnendaþrepi fyrirtækisins, þ.e. millistjórnendum. Aðgerðir Isavia tengjast heimsmarkmiði 5.1 þar sem gert er ráð fyrir að „útrýma allri mismunun gagnvart konum og stúlkum alls staðar" og einnig markmiði 5.5 þar sem gert er ráð fyrir að „tryggja fulla og skilvirka þátttöku kvenna og jöfn tækifæri til forystu á öllum stigum ákvarðanatöku í pólitík, efnahagslegu- og opinberu lífi". Unnið verður sérstaklega með undirmælikvarðann 5.5.2 sem mælir hlutfall kvenna í stjórnendastöðum, en í gögnum sem Sameinuðu þjóðirnar hafa safnað frá 67 löndum kemur fram að minna en þriðjungur af stjórnunarstörfum eru í höndum kvenna.

### Heimsmarkmið 12: Ábyrg neysla

Isavia hefur sett sér það markmið að auka hlutfall flokkaðs úrgangs í starfseminni. Þetta tengist heimsmarkmiði 12 um ábyrga neyslu og þá sérstaklega markmiði 12.6 sem tilgreinir að dregið verði „verulega úr úrgangi með forvörnum, minnkun, endurvinnslu og endurnotkun" fyrir árið 2030.

Félagið hefur einnig sett sér markmið um að gera innkaup félagsins sýnilegri, rekjanlegri og aðgengilegri og innleiða í tengslum við það siðareglur birgja sem voru samþykktar af yfirstjórn á síðasta ári. Þetta tengist markmiði 12.6 hjá Sameinuðu þjóðunum sem m.a. „hvetur fyrirtæki til að samþykkja sjálfbæra starfshætti" og 12.7 sem gerir ráð fyrir að „stuðla að opinberum innkaupum sem eru sjálfbær, í samræmi við innlendar stefnur og forgangsröðun".



| MARKMIÐ | | TENGING VIÐ: | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | Heiti markmiðs | Heimsmarkmið | Ábyrg ferðaþjónusta | GRI | UNGC |
| 1 | Minnka notkun jarðefnaelds-neytis í starfsemi Isavia | 13 | Umhverfi | G4-EN1, G4-EN2, A05, G4-EN21, G4-EN15, G4-EN16, EN-18, EN-19 | 7, 8 |
| 2 | Auka hlutfall flokkaðs úrgangs | 12 | Umhverfi | G4-EN23, G4-EN27, G4-EN28 | 7, 8, 9 |
| 3 | Árleg tíðni fjarveruslysa verði 0 | 3 | Öryggi | G4-LA6, G4-LA7 | 1 |
| 4 | Innleiða siðareglur birgja sem voru samþykktar af forstjóra 27. júní 2017 | 12 | Nærsamfélag | G4-EN32, G4-HR6, G4-HR10, G4-HR11, G4-LA14, G4-LA15, G4-SO9, (G4-HR1) | 2, 4, 8 |
| 5 | Gera innkaup Isavia ohf. sýnilegri, rekjanlegri og aðgengilegri | 12 | Nærsamfélag | G4-57 | 10 |
| 6 | Markviss og samræmd samskipti við ytri hagsmunaaðila | 17 | Nærsamfélag | G4-SO1 | 1 |
| 7 | Fjölgun kvenkyns stjórnenda í þriðja stjórnendaþrepi fyrirtækisins | 5 | Mannauður | G4-LA12 | 6 |
| 8 | Sömu laun fyrir jafn verðmæt störf | 5 | Mannauður | G4-LA13 | 6 |

### Heimsmarkmið 13: Verndun jarðarinnar

Félagið hefur sett sér það markmið að minnka notkun jarðefnaeldsneytis. Það tengist markmiði 13.2 undir heimsmarkmiði 13, að „samtvinna mælikvarða á loftslagsbreytingar inn í stefnumótun og áætlanagerð". Þá er Isavia þátttakandi í svonefndu Airport Carbon Accreditation kerfi á vegum Alþjóðasamtaka flugvalla. ACA er kolefnisvottun, hönnuð af flugvöllum fyrir flugvelli, og því sérsniðin að rekstri þeirra. Keflavíkurflugvöllur hefur verið þátttakandi í verkefninu í tvö ár. Sett hafa verið markmið til ársins 2030 um minnkun kolefnislosunar og unnið að ítarlegri aðgerðaráætlun til að styðja við það markmið.

### Heimsmarkmið 17: Samvinna um heimsmarkmiðin

Aðgerðir Isavia tengdar samvinnu snúa að því að efla enn frekar samvinnu við hagaðila félagsins með markvissum og samræmdum samskiptum. Það tengist markmiði 17.17 hjá Sameinuðu þjóðunum sem gerir m.a. ráð fyrir að félagið „hvetji til og efli skilvirkt samstarf almennings, opinberra- og einkaaðila".

Á árinu 2018 mun fyrirtækið vinna enn frekar að langtímamarkmiðum og aðgerðum tengdum heimsmarkmiðunum.



# SVIPMYNDIR
# ÁRIÐ 2017

## ÁTTIR ENDURAFHJÚPAÐAR Á NÝJUM STAÐ



Listaverkið Áttir eftir Steinunni Þórarinsdóttur var endurafhjúpað á nýjum stað í júní. Við afhjúpunina klipptu listamaðurinn og Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, saman á borða. Verkið stóð áður á verslunarsvæði inni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar en vegna mikillar fjölgunar farþega undanfarin ár var það tekið niður um tíma. Í samráði við listamann hefur verkinu nú verið fundinn nýr staður fyrir utan komusal flugstöðvarinnar.

## LISTAVERK EFTIR ERRÓ AFHJÚPAÐ Í FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Í maí var afhjúpað nýtt og glæsilegt listaverk eftir Erró í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Verkið ber nafnið Silver Sabler og er veggverk úr handmáluðum keramikflísum. Verkið er eftirmynd málverks frá árinu 1999 með sama nafni en hefur verið stækkað upp í keramikmynd sem er 11 metra breið og 4,5 metra há.



## SAMNINGUR UM GEIMKÖGUN UNDIRRITAÐUR

Isavia undirritaði á árinu samning við fyrirtækið Aireon um notkun á geimlægum kögunarbúnaði við stýringu flugumferðar í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Tæknin nefnist á ensku Space Based ADS-B og verður með henni hægt að fá nákvæmari upplýsingar um staðsetningu flugvéla í nyrðri hluta íslenska flugstjórnarsvæðisins.

## STÆRSTA SUMAR FRÁ UPPHAFI Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Farþegar á Keflavíkurflugvelli á tímabilinu janúar til ágúst voru 5.954.761 og er það 32,4% aukning frá sama tímabili í fyrra. Fjöldinn er í takt við farþegaspá Isavia sem gefin var út í lok árs 2016, en þá var því spáð að 5.921.693 farþegar færu um völlinn á fyrstu 8 mánuðum ársins, sem er einungis 0,54% færri en raunin varð.






## SÖGUSKILTI UM HERMINJAR Í ÖSKJUHLÍÐ OG NAUTHÓLSVÍK

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Björn Óli Hauksson forstjóri Isavia afhjúpuðu á árinu sjö glæsileg söguskilti sem sett hafa verið upp við merkar herminjar í Öskjuhlíð og Nauthólsvík. Skiltin eru samstarfsverkefni Isavia og Reykjavíkurborgar en Friðþór Eydal starfsmaður Isavia vann texta og safnaði efni. Friðþór hefur ritað fjölda bóka um hersetu á Íslandi og er einn af helstu sérfræðingum landsins um þau umsvif.

## FUNDUR UM TENGSL KEFLAVÍKURFLUGVALLAR VIÐ ATVINNUUPPBYGGINGU Í SJÁVARÚTVEGI

Isavia og Kadeco héldu opinn fund í Hljómahöll í Reykjanesbæ þar sem til rædd voru tækifæri til atvinnuuppbyggingar í sjávarútvegi á nærsvæði Keflavíkurflugvallar. Keflavíkurflugvöllur sem hluti af flutningakerfinu til og frá landinu er í lykilhlutverki þegar kemur að áframhaldandi þróun og vexti í útflutningi ferskra sjávarafurða horft til framtíðar.



BLAÐSÍÐUR
26–45



# ISAVIA
# Í SAMFÉLAGINU


28 — STEFNA Í SAMFÉLAGSÁBYRGÐ
30 — HAGAÐILAR
30 — VIÐSKIPTAVINIR
33 — STARFSFÓLK
34 — SAMFÉLAGIÐ
38 — STJÓRNVÖLD
39 — BIRGJAR
39 — ÚRSKURÐIR OG DÓMAR TENGDIR ISAVIA OHF. ÁRIÐ 2017
40 — MANNAUÐUR


Isavia hefur með höndum rekstur og viðhald á innviðum sem er grunnur að flugsamgöngum landsins, tengingum við umheiminn og flugi á milli þriggja heimsálfa á stóru svæði. Starfsemin skiptir þar af leiðandi miklu máli fyrir þjóðarhag og starfsfólk félagsins leggur sig fram um að haga störfum sínum á öruggan og skilvirkan hátt í sátt við samfélagið.

# STEFNA Í SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

STEFNA FÉLAGSINS Í SAMFÉLAGSÁBYRGÐ ER GRUNDVÖLLUÐ Á VÆNTINGUM UM SAMFÉLAGSÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA SEM FRAM KOMA Í ALMENNRI EIGANDASTEFNU RÍKISINS, LÖGUM UM ÁRSREIKNINGA OG LÖGUM UM OPINBER INNKAUP, SVO EITTHVAÐ SÉ NEFNT.

## FÉLAGIÐ HEFUR SETT SÉR EFTIRFARANDI STEFNU OG MARKMIÐ Í SAMFÉLAGSÁBYRGÐ:

**Stefna:**
Isavia stuðlar að jafnvægi milli efnahags, umhverfis og samfélags með sjálfbærni að leiðarljósi.

**Markmið:**
Isavia vinnur með virkum og skipulögðum hætti að eftirfarandi markmiðum:

- Tryggja góða flugþjónustu á Íslandi og framkvæma hlutverk sitt í samfélaginu á öruggan og skilvirkan hátt.
- Stuðla að ánægju starfsfólks og góðu starfsumhverfi.
- Byggja upp rekstur sem er sjálfbær til lengri tíma litið í samstarfi og sátt við viðskiptavini, almenning á Íslandi og aðra hagaðila.
- Umgangast umhverfið með ábyrgð og sjálfbærni að leiðarljósi, draga úr kolefnisspori félagsins og leggja þannig sitt af mörkum til að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

Isavia er aðili að alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna (UN Global Compact) og skuldbindur félagið sig til þess að stefna og starfshættir séu í samræmi við tíu meginþætti Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu. Jafnframt skuldbindur félagið sig til að birta opinberlega upplýsingar um samfélagsábyrgð félagsins í samræmi við viðmið UN Global Compact og GRI.

Forstjóri Isavia hefur undirritað jafnréttissáttmála UN Women sem skuldbindur félagið til að vinna að bættu jafnrétti í starfsemi sinni. Í sáttmálanum eru sjö viðmið sem höfð eru að leiðarljósi til þess að efla konur innan fyrirtækja og til að auka þátt þeirra í atvinnulífinu.

Isavia hefur sett siðareglur fyrir birgja í samræmi við meginþættina tíu. Vinnuhópur fulltrúa frá stoðsviðum fyrirtækisins vann reglurnar sem voru samþykktar af framkvæmdaráði og forstjóra í júní 2017. Í reglunum er gerð sú krafa að birgjar sem félagið skiptir við uppfylli siðareglurnar og sjái til þess að þeirra birgjar geri slíkt hið sama. Birgi skal, sé þess óskað, geta staðfest að þessum siðareglum sé fylgt. Siðareglur birgja verða gerðar aðgengilegar á heimasíðu félagsins eftir því sem þær verða innleiddar.



# HAGAÐILAR

ISAVIA LEGGUR ÁHERSLU Á VÍÐTÆKT SAMRÁÐ VIÐ ÞÁ HAGAÐILA SEM TREYSTA Á ÞJÓNUSTU FÉLAGSINS OG VERÐA FYRIR ÁHRIFUM AF STARFSEMI ÞESS. STARFSEMINNAR GÆTIR UM ALLT LAND OG SNERTIR ALLA LANDSMENN. FÉLAGIÐ HEFUR SKRÁÐ Á ANNAÐ HUNDRAÐ HAGAÐILA SEM FLOKKAST Í VIÐSKIPTAVINI, STARFSFÓLK, SAMFÉLAG, STJÓRNVÖLD OG BIRGJA.

## VIÐSKIPTAVINIR

Helstu viðskiptavinir félagsins eru flugrekendur sem nýta flugvelli og flugstjórnarsvæði, rekstraraðilar á flugvöllum, svo sem flugþjónustuaðilar, verslanir, veitingaaðilar, bílaleigur og hópflutningafyrirtæki, og síðast en ekki síst flugfarþegar.

Samskipti við notendur og rekstraraðila fara fyrst og fremst fram á reglulegum fundum. Samskipti við farþega eiga sér stað með beinum samskiptum starfsfólks félagsins á flugvöllunum og með öllum helstu samskiptaleiðum; síma, tölvupósti, vefjum og samfélagsmiðlum ásamt reglubundnum þjónustukönnunum.

### Flugrekendur

Samskipti við flugfélög sem fara um flugvelli Isavia og flugstjórnarsvæði fara meðal annars fram á reglulegum notendanefndarfundum sem öllum notendum er boðið á auk funda með hverjum og einum eftir þörfum. Notendanefndir flugvalla starfa í samræmi við ákvæði loftferðalaga og reglugerðar. Í þeim eiga möguleika á því að sitja fulltrúar allra flugfélaga sem nota flugvöllinn að staðaldri og umboðsaðilar þeirra. Á fundunum gefst notendum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en teknar eru mikilvægar ákvarðanir um rekstur, gæði þjónustu, gjaldtöku, nýframkvæmdir, turnþjónustu eða önnur atriði sem snerta mikilvæga hagsmuni þeirra. Notendanefnd Keflavíkurflugvallar fundar eins oft og þurfa þykir, en þó aldrei sjaldnar en árlega. Notendanefnd innanlandsflugvallanna fundar að jafnaði einu sinni á ári.

Samráð er haft við notendur flugleiðsöguþjónustu um rekstur og fjárfestingar og fer það samráð fram á árlegum notendafundum. Samráð um aðra þætti flugleiðsöguþjónustu fer einnig fram með notendum á vettvangi Skipulagsnefndar ICAO (NAT-SPG) fyrir Norður-Atlantshaf. Reglulegir fundir eru haldnir með notendum auk samskipta við einstaka notendur eða fulltrúa notendahópa ef nauðsyn þykir. Í notendasamráðinu hefur samstarfsaðili Isavia, Veðurstofa Íslands, hlutverki að gegna varðandi veðurupplýsingar og er vöktunaraðili vegna eldgosa og annarra náttúruhamfara.

### Rekstraraðilar á Keflavíkurflugvelli

Samskipti við rekstraraðila á Keflavíkurflugvelli fara fram á sameiginlegum fundi eða með hverjum og einum. Fastir hópfundir eru með verslunar- og veitingaaðilum.



### Farþegar

Samskipti við farþega eiga sér fyrst og fremst stað með aðstoð ýmissa miðla þar sem tekið er við fyrirspurnum og þeim svarað á borð við vefsvæðin isavia.is og kefairport.is og í gegnum samfélagsmiðlasíður félagsins á Facebook, Twitter og Instagram. Isavia stendur einnig reglulega fyrir markaðs- og þjónusturannsóknum á flugvöllum sínum. Á Keflavíkurflugvelli hafa samræmdar þjónustukannanir verið framkvæmdar undanfarin 13 ár. Um er að ræða alþjóðlega könnun á vegum Alþjóðasamtaka flugvalla (ACI) sem mælir ánægju farþega á yfir 250 flugvöllum um allan heim og gefur góðan samanburð. Gögnum um 34 þjónustuþætti á flugvellinum er safnað allt árið. Niðurstöður eru birtar ársfjórðungslega og því hægt að bregðast skjótt við þar sem úrbóta reynist þörf. Ánægja farþega er mæld á kvarðanum 0-5 og hefur Keflavíkurflugvöllur almennt fengið góða einkunn fyrir þjónustu á umliðnum árum. Í takt við mikla farþegaaukningu hafa komið tímabil þar sem heildaránægja fer niður og má yfirleitt rekja það til þrengsla í flugstöðinni og framkvæmda við endurbætur og stækkun á farþegarými. Fyrir utan þessa föstu þjónustukönnun eru framkvæmdar kannanir eftir þörfum.

Isavia hefur einnig gert rannsóknir meðal almennings á Íslandi á viðhorfi til flugvalla félagsins og upplifun þeirra sem hafa ferðast um þá á hverju ári. Meirihlutinn (66%) hefur haft jákvæða upplifun af Keflavíkurflugvelli og 68% jákvæða upplifun af innanlandsflugvöllum. Eru þessar niðurstöður svipaðar milli áranna 2016 og 2017.




## STARFSFÓLK

Samskipti við og milli starfsfólks fara auk hefðbundinna leiða á vinnustað fyrst og fremst fram á reglubundnum starfsmannafundum forstjóra, innri vef félagsins og viðburðum á vegum starfsmannafélagsins. Haldnir voru fjórir starfsmannafundir með forstjóra félagsins á árinu 2017 þar sem farið var yfir málefni líðandi stundar og framtíðarhorfur í starfsemi félagsins.

Stór hluti samskipta við starfsmenn fara fram á innri vef félagsins, Flugunni. Vefurinn er samfélagsmiðill sem tengir starfsmenn saman og geta allir sett inn færslur, myndir og myndbönd sem þeir vilja deila með samstarfsfó lkinu. Starfsfólk getur einnig sótt þangað ýmis tæki og tól til notkunar við störf sín og haldið utan um skráningar á viðburði, námskeið og skemmtanir á vegum fyrirtækisins.

Á árinu 2017 var Flugan sett upp í smáforriti í síma (appi) í þeim tilgangi að auka enn frekar aðgengi að vefnum, sérstaklega fyrir starfsfólk sem vinnur ekki við tölvu. Með því að nútímavæða innri vefinn með þessum hætti hefur upplýsingaflæði innan fyrirtækisins verið aukið.

Á árinu var einnig unnið að endurskoðun á ytri vefsíðum Isavia, www.isavia.is og www.kefairport.is. Sú vinna felst í því að koma upp öflugri upplýsingasíðu þar sem allar flugvallavefsíður fyrir farþega og viðskiptavini eru sameinaðar á eina vefsíðu, undir léninu www.isavia.is. Áætlað er að vefsíðan fari í loftið í marsmánuði 2018.

Starfsmannafélag Isavia og dótturfyrirtækja, Staffið, skipuleggur fjölda viðburða fyrir félagsmenn og stuðlar að fjölbreyttu og öflugu félagslífi, t.d. fjölskyldudegi á sumrin, jólahlaðborðum, bíóferðum og keilukvöldum.




Starfsfólk á Egilsstaðaflugvelli sat námskeið í flugvernd á árinu, en námskeiðið er unnið í samvinnu við flugverndardeild Keflavíkurflugvallar.

Auk þess hefur félagið samið um afsláttakjör fyrir starfsmenn hjá ýmsum fyrirtækjum. Öllum starfsmönnum býðst aðild að Staffinu. Isavia lítur svo á að nauðsynlegt sé að starfsfólk hafi möguleika á að hittast utan vinnu og styður starfsmannafélagið en félagið stendur líka fyrir viðburðum sem leiða fólk saman, líkt og árshátíð félagsins.

Félagið leggur áherslu á gott og fjölskylduvænt starfsumhverfi, öfluga fræðslu og þjálfun og jákvæðan starfsanda. Markvisst er unnið að endurnýjun starfsstöðva og t.d. var á síðasta ári tekið í notkun ný aðstaða fyrir starfsfólk flugvallarþjónustu Keflavíkurflugvallar.

| Helstu samtök sem Isavia er aðili að |
|---|
| Samtök ferðaþjónustunnar |
| Samtök atvinnulífsins |
| Amerísk-íslenska viðskiptaráðið |
| Fransk-íslenska viðskiptaráðið |
| Dansk-íslenska viðskiptaráðið |
| Verkefnastjórnunarfélag Íslands |
| Stjórnvísir |
| Airport Council International |
| Lögmannafélag Íslands |
| Mannauður, félag mannauðsstjóra |
| ÍMARK, samtök markaðsfólks á Íslandi |
| Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi |
| Íslenski ferðaklasinn |
| Íslenski sjávarklasinn |
| Festa, miðstöð um samfélagslega ábyrgð |
| Viðskiptaráð Íslands |
| NAT-SPG, samstarfsvettvangur ríkja innan ICAO NAT-Region-svæðisins |
| Borealis, samstarfsvettvangur flugleiðsöguþjónustuveitenda í Norðvestur-Evrópu |
| Civil Air Navigation Services Organisation (CANSO) |

# SAMFÉLAGIÐ

Umtalsverð samskipti eru við sveitarfélög og landshlutasamtök í nágrenni við flugvelli félagsins og má þar nefna sveitarfélögin á Suðurnesjum, Reykjavíkurborg, Akureyrarbæ, Ísafjörð, Fljótsdalshérað, Sauðárkrók, Siglufjörð, Fjarðarbyggð, Hornafjörð, Þórshöfn, Vopnafjörð, Húsavík og Vestmannaeyjabæ. Nauðsynlegt er að upplýsingagjöf til sveitarfélaga sé með fullnægjandi hætti þar sem starfsemi félagsins getur haft mikil áhrif á nærumhverfið. Sérstaklega á það við á Suðurnesjunum þar sem Keflavíkurflugvöllur er stærsti vinnustaðurinn. Það er mikið hagsmunamál að samskipti við sveitarfélögin séu góð og mikilvægt að mótuð sé framtíðarsýn fyrir þessi gríðarlega mikilvægu samgöngumannvirki á hverjum stað.

Fjöldi starfsmanna félagsins hefur haldið erindi á hinum ýmsu ráðstefnum og viðburðum utan félagsins eins og sjá má á næstu síðu.

Stjórn Isavia heldur einnig árlega fundi með aðilum á landsbyggðinni og árið 2107 var sá fundur á Húsavík.

Í janúar var haldinn fundur í samstarfi við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Kadeco, undir yfirskriftinni „Keflavíkurflugvöllur – Tækifæri til atvinnuuppbyggingar“ og var umræðuefni fundarins tækifæri til atvinnuuppbyggingar í sjávarútvegi á nærsvæði flugvallarins. Áhugaverð erindi voru flutt á fundinum og var hann vel sóttur.

# MARGVÍSLEG SAMSKIPTI VIÐ HAGAÐILA

**Samfélagsleg ábyrgð**

- Erindi um vinnu Isavia í samfélagsábyrgð í tengslum við ráðstefnuna What works: The International Summit to Advance Social Progress í Reykjavík
- Erindi um markmið Isavia í samfélagsábyrgð á Uppskeruhátíð Ábyrgrar ferðaþjónustu á vegum Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð, og Íslenska ferðaklasans
- Erindi um vinnu Isavia í samfélagsábyrgð á fundinum Fjárfest í framtíðinni á vegum Samtaka atvinnulífsins í Reykjavík
- Erindi um samfélagsábyrgð fyrirtækja á aðalfundi Íslenska Ferðaklasans

**Umhverfi**

- Erindi um vinnu Isavia í átt að kolefnisjöfnun á Keflavíkurflugvelli á North America/Europe Airport Best Practices Conference í Reykjavík
- Erindi um vinnu Isavia í átt að kolefnisjöfnun á Keflavíkurflugvelli fyrir samnorræna umhverfisnefnd sem snýr að flugi
- Erindi um umhverfismál hjá Isavia á Loftslagsfundi Festu og Reykjavíkurborgar
- Erindi um hvernig Isavia vinnur með Græn skref á morgunverðarfundi Grænna skrefa
- Örerindi um umhverfismál hjá Isavia hjá Félagi umhverfisfræðinga

**Framtíðaruppbygging og framkvæmdir**

- Erindi um gerð þróunaráætlunar Keflavíkurflugvallar og samskipti við hagaðila á Passenger Terminal Conference í Amsterdam
- Erindi um upplýsingatækni og tæknilega hagræðingu á Keflavíkurflugvelli á SITA ICT Forum
- Erindi um BIM-notkun Isavia á ráðstefnu í Denver
- Erindi um hvernig BIM-innleiðing er keyrð hjá Isavia á Design Management Forum í Svíþjóð
- Erindi á BIM-ráðstefnunni Hagræðing í mannvirkjagerð í Reykjavík
- Kynning á framtíðaruppbyggingu á Keflavíkurflugvelli á fundi sveitarfélaga á Suðurnesjum.
- Kynning á framtíðaruppbyggingu á Keflavíkurflugvelli fyrir Oddfellow

**Ferðaþjónusta**

- Erindið „Af hverju Ísland – flugvöllur í samkeppni“ á morgunverðarfundi Íslandsbanka í Reykjavík
- Pallborðsumræður um ferðaþjónustu á Íslandi, á ráðstefnu á vegum Landsbankans.
- Morgunverðarfundir um farþegaspár á vegum Isavia í Reykjavík
- Leiðbeinandi: starfsmaður í verkefninu Startup Tourism

**Mannauður, markaðssetning og þjónusta**

- Erindi um mannauðsmál á ACI HR & Leadership Forum í Tel Aviv
- Erindi um jafnlaunavottun á ACI HR & Leadership Forum í London
- Erindi um innri markaðssetningu á ACI Digital Communication Forum í Napólí
- Erindi um vildarþjónustu sem í boði er á Keflavíkurflugvelli fyrir aðildarhópi Meet in Reykjavík
- Erindi um ráðningar í miklum vexti á stjórnendadegi Reykjanesbæjar



Í maí var í fyrsta skipti haldinn opinn íbúafundur fyrir íbúa á nærsvæði Keflavíkurflugvallar þar sem kynnt voru áhrif framkvæmda við flugbrautir á flugumferð og hljóðvist. Einnig voru kynntar niðurstöður hljóðmælinga á svæðinu sem og nýtt hljóðmælingakerfi sem tekið var í notkun á árinu. Fyrirhugað er að halda sambærilegan fund árlega.

Samskiptin hafa farið fram á fundum með bæjar- og sveitarstjórnarmönnum, auk annarra hagaðila. Einnig er náið samráð við markaðsstofur svæðanna á Norður- og Austurlandi þar sem t.d. er unnið er að markaðssetningu á beinu flugi til Akureyrar og Egilsstaða í tengslum við Flugþróunarsjóð. Í júlí tilkynnti ferðaskrifstofan Super Break um fyrirætlanir sínar um að hefja beint flug milli Cardiff í Wales og Akureyrar í upphafi árs 2018 og stóð til að fyrstu farþegarnir mundu lenda á Akureyri í janúar 2018. Þetta er í fyrsta sinn sem boðið er upp á beint flug til Akureyrar frá Bretlandi.

## Samstarf við ferðaþjónustu

Isavia á einnig víðtækt samstarf við aðila í ferðaþjónustunni eins og Samtök ferðaþjónustunnar (SAF), Ferðamálastofu, Íslandsstofu, Stjórnstöð ferðamála og félagið er aðili að Íslenska ferðaklasanum. Isavia er einnig virkur aðili í hafna- og flutningahópi Íslenska sjávarklasans en það er samstarfsvettvangur fyrirtækja sem flest eru beintengd flutningum og hafnastarfsemi. Árið 2017 stóð Íslenski sjávarklasinn þriðja árið í röð fyrir ráðstefnunni Flutningalandið Ísland í samstarfi við hóp flutningafyrirtækja í klasanum og Samtök atvinnulífsins. Aðalumræðuefni ráðstefnunnar var hvernig Ísland getur eflt sig sem tengipunkt fyrir alþjóðaflutninga og um leið stuðlað að auknu efnahagssamstarfi þjóða við Norður-Atlantshaf.

Isavia hefur frá upphafi verið einn af bakhjörlum samráðvettvangsins Arctic Circle og starfsmenn taka virkan þátt í umræðum um málefni norðurslóða, hvort heldur sem er í tengslum við flugumferð á norðurslóðum eða hugmyndir um uppbyggingu björgunarmiðstöðvar á Íslandi. Á ráðstefnunni í ár hélt Ásgeir Pálsson, framkvæmdastjóri Flugleiðsögusviðs, erindi ásamt fulltrúum frá Veðurstofu Íslands og Icelandair um hvaða áhrif eldgos á norðurslóðum gæti haft á flugumferð.

Þá heldur Isavia reglulega opna fundi þar sem aðilum innan ferðaþjónustunnar og öðrum eru kynnt áform félagsins á Keflavíkurflugvelli, s.s. framkvæmdir og umferðarspár. Árlegur morgunverðafundur þar sem kynnt er spá um farþegafjölda komandi árs á Keflavíkurflugvelli var haldinn í nóvember. Starfsfólk Isavia hefur einnig haldið erindi á fjölda opinna funda sem haldnir hafa verið á vegum annarra aðila.

Á sviði flugleiðsöguþjónustu á Isavia í nánu samstarfi við þjónustuaðila og aðliggjandi flugstjórnarmiðstöðvar. Félagið er þátttakandi í Borealis sem er samstarfsvettvangur níu flugleiðsöguþjónustuaðila í Norður Evrópu.

## Almannavarnir og hópslysaviðbúnaður

Isavia á aðild að stjórnstöð almannavarna og er í lykilhlutverki vegna viðbragðsáætlunar um leit og björgun á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Viðbragðsæfingar á flugvöllum eru mikilsverður þáttur í viðbúnaði félagsins og ekki síður almannavörnum á Íslandi og þróun þeirra. Að jafnaði eru haldnar fjórar flugslysaæfingar á ári og er þátttaka undantekningarlaust góð, en að jafnaði taka yfir 1.000 manns þátt í þessum æfingum frá öllum viðbragðsaðilum. Frá því félagið hóf að halda reglubundnar æfingar á flugvöllum hafa viðbragðsáætlanir almannavarna vegna hópslysa þróast til samræmis við verklag sem þar er notað. Æfingar félagsins hafa þannig orðið samráðsvettvangur viðbragðsaðila til þróunar á þekkingu og verklagi sem fest hefur verið í reglugerðir og lög um almannavarnir.

Árið 2017 voru haldnar flugslysaæfingar á Akureyrarflugvelli, Vestmannaeyjaflugvelli og Ísafjarðarflugvelli. Æfingarnar tókust vel og var þátttaka góð.





## Styrkir til Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Rauða krossins

Styrktarsjóður Isavia og Slysavarnafélagsins Landsbjargar hefur verið starfræktur frá árinu 2012 og hefur fram til 2017 úthlutað nærri 40 milljónum króna til björgunarsveita til kaupa á níu hópslysakerrum. Í upphafi árs 2018 var skrifað undir samning við Rauða krossinn til þriggja ára um kaup á 7 fjöldahjálparkerrum á því tímabili fyrir alls um 14 milljónir króna.

Helsta hlutverk þessara styrktarsjóða að koma upp hópslysa- og fjöldahjálparkerrum með öllum helsta búnaði sem grípa þarf til, t.d. vegna rútuslyss eða þegar þarf að skjóta skjólshúsi yfir mikinn fjölda fólks í hjálparstöðvum. Kerrurnar hafa verið afhentar björgunarsveitum og Rauða krossinum víða um land.

Samstarf Isavia, Rauða krossins og Slysavarnafélagsins hefur verið farsælt og eru sjálfboðaliðar félaganna mikilvægur þáttur í viðbragðskerfi flugvalla.

Árið 2017 var hópslysakerrum komið til Björgunarsveitarinnar Kára í Öræfum, Björgunarsveitarinnar Stefáns í Mývatnssveit og Björgunarfélags Ísafjarðar.

Árið 2018 er reiknað með að afhenda þrjár hópslysakerrur í viðbót til Slysavarnafélagsins Landsbjargar og tvær fjöldahjálparkerrur til Rauða krossins.

Sjá nánar á isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/samfelag-og-umhverfi/samfelag/styrkir-til-samfelagsins/styrkir-til-samfelagsins

## Samfélagssjóður Isavia

Samfélagssjóðurinn veitti fjölda styrkja á árinu til margvíslegra málefna. Við úthlutun er lögð áhersla á umhverfismál, mannúðarmál, forvarnir, flugtengd málefni, listir, menningu og menntamál. Félagið styrkir einnig ýmis góðgerðarsamtök með því að veita aðstöðu fyrir söfnunarbauka á flugvöllum. Sjá má lista yfir þá sem hlutu styrki á isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/samfelag-og-umhverfi/samfelag/styrkir-til-samfelagsins/samfelagssjodur

## Háskólastyrkir Isavia

Styrkir hafa verið veittir til nemenda á meistarastigi Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands. Félagið veitti rúmar 9 milljónir króna í sjö rannsóknarverkefni á meistarastigi árið 2017. Sjá nánar á isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/samfelag-og-umhverfi/samfelag/styrkir-til-samfelagsins/styrkir-til-haskolanema

## Startup Tourism

Isavia hefur frá upphafi verið einn af bakhjörlum verkefnisins „Startup Tourism“ sem er vettvangur til að veita viðskiptahugmyndum sprotafyrirtækja í ferðaþjónustu brautargengi. Tíu teymi voru valin til þátttöku í svonefndum viðskiptahraðli sem hófst í febrúar og stóð í 10 vikur. Forsvarsmenn teymanna fengu þjálfun og leiðsögn hjá ýmsum sérfræðingum til að þróa viðskiptahugmyndir sínar. Teymin kynntu afraksturinn fyrir fjárfestum og lykilaðilum innan ferðaþjónustunnar í apríl.

## STJÓRNVÖLD

Samskipti við stjórnvöld eru af margvíslegum toga. Ríkið er eigandi félagsins og fylgir það almennri eigandastefnu þess í rekstrinum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með hlutabréfið og fara formleg samskipti fram á hluthafafundum og árlegum aðalfundi. Önnur samskipti við eigandann fara fram á fundum sem boðað er til eftir atvikum.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið gegnir tvíþættu hlutverki í tengslum við starfsemi Isavia. Annars vegar sem fagráðuneyti flugmála og hins vegar sem viðskiptaaðili félagsins vegna reksturs innanlandsflugvallakerfisins og annarra þátta sem eru á ábyrgð stjórnvalda. Félagið á sæti í þremur nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins; fagráði um flugmál, flugvirktarráði og hefur áheyrnarfulltrúa í samgönguráði. Fyrirtækið á í reglulegum faglegum samskiptum við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið um flugmál auk náins samráðs um framkvæmd þjónustusamningsins.

Isavia annast líka framkvæmd tveggja alþjóðasamninga um flugleiðsöguþjónustu. Annars vegar er það svonefndur „Joint Finance"-samningur sem fjallar um flugleiðsöguþjónustu innan íslenska flugupplýsingasvæðisins (Reykjavik FIR). Samningurinn er við 24 önnur aðildarríki flugleiðsögu á Norður Atlantshafinu og er Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) umsjónaraðili með honum. Hins vegar eru það samningar við dönsk stjórnvöld um að Ísland sinni flugumferðarstjórn í efri hluta flugstjórnarsvæðisins yfir Grænlandi. Þá hefur Isavia einnig gert samning við grænlenska flugvallafyrirtækið Mittarfeqarfiit um að flugleiðsögusvið Isavia sinni flugstjórnarþjónustu á flugvellinum í og við Kangerlussuaq/Sönderström.

Fundað er reglulega með atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í tengslum við flugleiðir og ferðaþjónustumálefni. Einnig eru haldnir fundir með utanríkisráðuneytinu og Landhelgisgæslunni í tengslum við varnartengda starfsemi á Keflavíkurflugvelli og skipulagsmál flugvallarins. Fulltrúar Isavia tóku í janúar þátt í hugarflugsfundi á vegum utanríkisráðuneytisins um formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu 2019–2021.

Isavia hefur mikil samskipti við ríkisstofnanir vegna hinna margþættu verkefna félagsins. Mest er sambandið við Samgöngustofu sem gefur út starfsleyfi flugvalla og flugleiðsögu og annast viðeigandi eftirlit með framkvæmd og rekstri. Aðrar eftirlitsstofnanir sem vert er að nefna eru Hollustuvernd ríkisins, Mannvirkjastofnun, Vinnueftirlitið, Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun. Margar ríkisstofnanir eru með starfsstöðvar hjá eða í nánu samstarfi við félagið og má þar telja Lögreglustjóra, Tollstjóra, Almannavarnir ríkisins og Landhelgisgæsluna. Stofnanir sveitarfélaga sem tengjast rekstri Isavia eru aðallega heilbrigðiseftirlit og slökkvilið.

Isavia er einnig undir eftirliti og í samstarfi við erlenda aðila. Af þeim má helst telja Flugöryggisstofnun Evrópu, (EASA) sem m.a. tryggja samræmdar öryggiskröfur í flugi á Evrópusvæðinu og Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO) sem er undirstofnun Sameinuðu þjóðanna og setur alþjóðlega staðla fyrir alla helstu þætti almenningsflugs og fylgist með frammistöðu ríkja og þjónustuveitenda. Stofnunin hefur einnig eftirlit með framkvæmd fyrrnefnds „Joint Finance"- samnings. Isavia á m.a. í samstarfi við EASA á vettvangi Borealis-samstarfsins. Vegna starfsemi félagsins á Grænlandi og í Færeyjum sætir Isavia eftirliti Trafik- og byggestyrelsen í Danmörku og vegna samstarfs um flugfjarskiptaþjónustu á Norður-Atlantshafi eru náin samskipti við írsku flugmálastjórnina.




Áfangar í samfélagsábyrgð

## BIRGJAR

Þar sem Isavia er í eigu íslenska ríkisins fellur félagið undir lög um opinber innkaup en helstu innkaupum félagsins má skipta í verk-, þjónustu- og vörukaup. Árið 2017 urðu þær breytingar að Isavia varð kleift að nýta ákvæði reglugerðar nr. 340/2017 um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu. Á árinu voru gerðar skipulagsbreytingar sem fólust í því að stofnuð var miðlæg innkaupadeild. Hlutverk hennar er að annast og styðja við innkaup félagsins í samræmi við meginreglur um opinber innkaup. Sérstök áhersla hefur verið lögð á rafræn samskipti með það að markmiði að viðhalda og bæta rekjanleika við framkvæmd innkaupa.

Hlutfall innlendra birgja er um 88% og erlendra um 12% en ekki er skráð hverjir þeirra hafa aðsetur utan Evrópska efnahagssvæðisins.

## ÚRSKURÐIR OG DÓMAR TENGDIR ISAVIA OHF. ÁRIÐ 2017

Engir dómar eða úrskurðir hafa fallið þar sem félagið hefur verið talið brjóta lög eða reglur á árinu 2017. Eitt dómsmál er til meðferðar í héraðsdómi eftir að Hæstiréttur ákvað að vísa því aftur til meðferðar í héraðsdómi.

Fimm kærur bárust vegna útboðsmála. Í öllum málunum féllst Kærunefnd útboðsmála á afstöðu félagsins. Ein kæra barst vegna ágreinings um afhendingu gagna þar sem ekki var fallist á þá afstöðu félagsins að tiltekin gögn væru viðkvæm fjárhagsgögn sem ekki bæri að afhenda.

# MANNAUÐUR

HJÁ MÓÐURFÉLAGI ISAVIA STARFAR FJÖLBREYTTUR HÓPUR Á MÖRGUM STARFSSTÖÐVUM UM ALLT LAND. Í LOK ÁRS 2017 VORU STARFSMENN 1.202 AÐ TÖLU, ÞAR AF ÞRIÐJUNGUR KONUR. Á SAMA TÍMA VORU 313 STARFSMENN HJÁ DÓTTURFÉLÖGUM, 221 HJÁ FRÍHÖFNINNI OG 46 HJÁ TERN SYSTEMS.




Aldursdreifing starfsmanna




Starfsaldur hjá Isavia

Meðalaldur starfsmanna hjá Isavia er 40,6 ár og meðalstarfsaldur 7,32 ár. Starfsmannavelta var 11,28% á árinu. Hún er misjöfn eftir störfum og sviðum. En starfsmannahópurinn fer ört stækkandi og voru 504 starfsmenn ráðnir á árinu, þar af 300 í sumarstörf.

Ráðist var í umfangsmikla herferð til að laða að nýja starfsmenn og kynna þau störf sem í boði eru hjá félaginu. Meðal annars kynntu starfsmenn félagsins störfin sín sjálfir í sjö myndböndum sem gerð voru í þessu skyni. Stofnuð var Facebook-síðan „Störf hjá Isavia" þar sem öll laus störf eru auglýst. Einnig var kynningarefni um störf hjá félaginu sett upp í framhaldsskólum og háskólum.

Mikil áhersla er lögð á að taka vel á móti nýjum starfsmönnum. Allir fá senda rafræna kynningu sem þeim er ætlað að skoða áður en starf er hafið. Stjórnandi tekur á móti nýjum starfsmanni á fyrsta degi, býður hann velkominn, kynnir starfsstöð og samstarfsfólk og fer yfir helstu atriði sem nýr starfsmaður þarf að vita. Allir nýir tímabundnir starfsmenn fengu gjöf og kynningarbækling þar sem helstu atriði starfsmannahandbókar voru tilgreind.

## Fræðsla

Fræðsla, endurmenntun og reglubundin þjálfun eru hluti af daglegum störfum. Skipulögð þjálfun og fræðsla fer fram allt árið. Félagið stendur fyrir umfangsmiklu og metnaðarfullu fræðslustarfi með það að markmiði að byggja upp þekkingu og að færni starfsmanna sé í samræmi við stefnu og gildi félagsins. Fræðslustarfinu er skipt upp í tvo flokka, sérhæfða og almenna fræðslu.

Sérstaða félagsins felst í því að meiri hluti starfsmanna hlýtur grunnþjálfun hjá félaginu sjálfu. Fræðslan er sérhæfð og ætlað að tryggja viðeigandi þjálfun starfsmannahópa sem þurfa sérstök réttindi eða sértæka hæfni, t.d. á sviði flugleiðsögu, flugverndar og flugvallarþjónustu. Þjálfunaráætlanir fyrir þessa hópa eru samþykktar af Samgöngustofu, enda strangar reglur um rekstur alþjóðaflugvalla.




FRÆÐSLUSTUNDIR Á HVERN STARFSMANN

Kennsluaðferðir Isavia eru í stöðugri þróun og er mikið notast við upplýsingatækni í þjálfun. Síðustu árin hefur í auknum mæli verið boðið upp á blandað nám þar sem bókleg kennsla fer fram á námsvef en verkleg þjálfun á starfsstöð.

Fræðslustundir námu alls 24.225 klst. árið 2017 sem jafngildir því að allir starfsmenn félagsins hafi hlotið þjálfun í 20 klst. á árinu. Um 90% af fræðslustundum ársins eru vegna grunnþjálfunar, endurmenntunar, starfs- og símenntunar sem starfsmenn þurfa til viðhalds réttindum og hæfni í starfi á borð við flugleiðsögu, flugvernd og flugvallarþjónustu.




Fjöldi fræðslustunda eftir kyni og starfssviði

## Vinnumarkaðurinn

Isavia starfar á almennum vinnumarkaði og fylgir almennum kjarasamningum sem Samtök atvinnulífsins hafa gert fyrir hönd félagsins við fjölmörg stéttarfélög. Sérstakir kjarasamningar eru við Landssamband slökkviliðsmanna (LSS), Félag flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR), Stéttarfélag í almannaþjónustu (SFR) og Félag íslenskra flugumferðarstjóra (FÍF).

Gerðir eru skriflegir ráðningarsamningar við alla starfsmenn þar sem tilgreind eru laun, vinnutilhögun, réttindi og skyldur. Allir starfsmenn kynna sér siðareglur félagsins við undirritun ráðningarsamnings.

Veikindaréttindi eru tengd kjarasamningum, en fjarvera vegna veikinda nam 5,6% af öllum unnum stundum árið 2017, en starfstengdir sjúkdómar eru ekki skráðir sérstaklega hjá Isavia.

Félagið fylgir lögum og reglum um vinnuvernd, mannréttindi og barnaþrælkun. Félagið ræður ekki starfsmenn undir 18 ára aldri og greiðir öll opinber gjöld, engin svört vinna er í boði hjá félaginu.

Uppsagnarfrestur starfsmanna er samkvæmt viðeigandi kjarasamningum en ólíkur eftir starfs- og lífaldri. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur og eru allar uppsagnir skriflegar.

## Félagslegt umhverfi

Í siðareglum félagsins kemur fram að virðing er borin fyrir störfum hvers annars og engin mismunun gerð gagnvart starfsfélögum eða viðskiptavinum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana,

þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, aldurs eða stöðu að öðru leyti.

Í gildi er viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni og ofbeldis á vinnustað. Viðbragðsáætlunin er aðgengileg öllum starfsmönnum á innri vef fyrirtækisins og er kynnt nýjum starfsmönnum sérstaklega. Stjórnendur fengu á árinu sérstaka fræðslu á félagslegu umhverfi og leiðsögn í viðbrögðum á grundvelli áætlunarinnar.

Á árinu 2017 bárust 4 formlegar tilkynningar um brot á jafnrétti, einelti eða áreitni. Unnið var úr þeim skv. áætlunum félagsins og fékkst úrlausn í öllum málunum.

## Jafnrétti

Jafnréttisáætlun Isavia á að tryggja fyllsta jafnrétti milli kvenna og karla á vinnustaðnum með það að markmiði að nýta hæfni, kraft og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunum eigi sér stað. Öll störf skulu aðgengileg báðum kynjum, gæta skal að samræmi fjölskyldulífs og vinnu, komið í veg fyrir einelti og kynferðislega áreitni, jafnaður hlutur kynjanna í stjórnunarstöðum og jafnréttis gætt við ákvörðun launa. Í atvinnuauglýsingum félagsins er hvatt til þess að bæði kynin sæki um störf sem eru í boði hjá fyrirtækinu.

Jafnréttisáætlunin er aðgengileg öllum starfs mönnum á innri vef og er kynnt nýjum starfsmönnum sérstaklega. Jafnréttisfulltrúi fylgir jafnréttismarkmiðum og áætlun félagsins í jafnréttismálum eftir og er stjórnendum og starfsmönnum til ráðgjafar. Niðurstaða úttektar á árangri í jafnréttismálum er kynnt stjórn árlega.

Isavia hlaut gullmerki jafnlaunaúttektar PWC árið 2017 og hefur hlotið þá viðurkenningu þrjú ár í röð. Úttektin staðfestir launajafnrétti hjá félaginu og munar innan við 3,5% á milli kynja. Isavia hefur lagt ríka áherslu á jöfn laun kvenna og og karla og hefur sú áhersla skilað árangri.

| | Karl | Kona | Samt. | Meðalaldur |
|---|---|---|---|---|
| Framkv.stj. og aðstoðarframkv.stjórar | 8 | 3 | 11 | 50 |
| Deildarstjórar | 16 | 11 | 27 | 49 |
| Aðrir stjórnendur | 50 | 5 | 55 | 50 |
| Samtals | 74 | 19 | 93 | |

Kynjaskipting stjórnenda hjá félaginu




Kynjaskipting eftir starfssviðum

Allir starfsmenn eiga rétt á greiðslum úr fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum. Alls fóru 69 starfsmenn í fæðingarorlof árið 2017, 24 konur og 45 karlar. Allir starfsmenn sem fóru í fæðingarorlof á árinu 2017 sneru aftur til starfa að loknu fæðingarorlofi.

## Jafnalaunavottun

Isavia vinnur nú að innleiðingu á jafnlaunastaðli og stefnir að jafnlaunavottun á haustmánuðum 2018. Markmið með innleiðingu jafnlaunakerfisins skv. jafnlaunastaðlinum (ÍST:85 2012) er að viðhalda launajafnrétti og uppfylla skyldur atvinnurekenda skv. III kafla laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Inntak staðalsins fjallar um skyldur atvinnurekanda að greiða konum og körlum jöfn laun og tryggja að þau njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Í ágúst 2017 var ráðinn verkefnastjóri til að sinna meðal annars áætlanagerð og innleiðingu jafnlaunastaðalsins, en auk þess starfa utanaðkomandi ráðgjafar að verkefninu. Skipaður var stýrihópur í nóvember 2017 sem tekur virkan þátt í verkefninu og sér meðal annars um að miðla upplýsingum til æðstu stjórnenda um stöðu innleiðingar, en verkefninu er stýrt af mannauðssviði. Áætlað er að innleiðingu jafnlaunastaðalsins verði lokið í byrjun apríl 2018, fyrirtækið tilbúið til forúttektar um mitt sumar og vottun fari fram á haustmánuðum 2018.




Skipting starfsmanna eftir sviðum

## Heilsa og vinnuumhverfi

Lögð er áhersla á að efla vitund starfsmanna um mikilvægi þess að lifa heilbrigðu lífi og sýna með þeim hætti fram á að félaginu er annt um heilsu og öryggi starfsmanna sinna. Markmið félagsins er að stuðla að aukinni andlegri og líkamlegri vellíðan starfsfólks, að búa starfsmönnum gott vinnuumhverfi og að mæta andlegum, félagslegum og líkamlegum þörfum á vinnustaðnum. Félagið styrkir starfsmenn fjárhagslega til að stunda líkamsrækt. Auk þess geta starfsmenn sótt styrk til stéttarfélags.

Starfsmenn geta leitað til þjónustuvers Vinnuverndar og fengið ráðleggingar vegna eigin veikinda eða fjölskyldumeðlima, einnig eru hjúkrunarfræðingar Vinnuverndar reglulega til viðtals á stærstu starfsstöðvum.

Markvisst er unnið að úrbótum á vinnuumhverfi starfsmanna. Nýtt þjónustuhús var tekið í notkun á Keflavíkurflugvelli, nýjar starfsstöðvar voru settar upp í flugstjórnarsal og flugfjarskiptamiðstöð auk þess sem ýmsar úrbætur voru gerðar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og í Turninum á Reykjavíkurflugvelli. Unnið er að stöðugum umbótum á tæknibúnaði og eru nýjar vopnaleitarvélar á Keflavíkurflugvelli dæmi um úrbætur sem hafa verið gerðar á því sviði.




Fjöldi tilkynntra vinnuslysa

## Vinnuvernd

Mikil áhersla er lögð á öryggi starfsmanna á vinnustað. Öll slys eru skráð og sér vinnuverndarfulltrúi félagsins um að greina málsatvik og leggur til úrbætur á aðbúnaði eða verklagi til að hindra endurtekningu. Skráning er rafræn og sérstakt átak gert í að efla vitund um „næstum slys" með sérstökum hnapp á vef starfsmanna, Flugunni, og kynningarspjöldum sem komið var fyrir í hverju horni. Öryggisnefnd sem í sitja fulltrúar starfsmanna og fyrirtækisins fjallar um öll mál sem tengjast vinnuvernd starfsmanna.

Einnig var unnið áhættumat með utanaðkomandi ráðgjafa vegna nýrra starfsstöðva í þjónustuhúsnæði á Keflavíkurflugvelli og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Tilkynningum um vinnuslys hefur fjölgað milli ára samhliða auknum umsvifum, fjölgun starfsmanna og bættri skráningu. Á síðasta ári voru tilkynnt 67 vinnuslys og voru 32 þeirra svokölluð fjarveruslys þar sem starfsmaður var frá vinnu vegna þess. Í ljósi þess er eitt af þeim markmiðum sem Isavia hefur sett fyrir árið 2018 að „engin fjarveruslys verði á starfsfólki Isavia á vinnustað" og mun verða unnið markvisst að úrbótaverkefnum sem tengjast því markmiði.

## Starfslok

Starfslok miðast við lok þess mánaðar sem 70 ára lífaldri er náð, en félagsmenn Félags íslenskra flugumferðarstjóra ljúka störfum við 63 ára aldur. Félagið býður upp á starfslokanámskeið sem ætlað þeim sem nálgast starfslokaaldur og er mökum boðið með á námskeiðið. Á námskeiðinu er farið yfir gagnlegar upplýsingar og fjallað um ýmsar breytingar sem tímamótin hafa í för með sér. Þá er námskeiðið einnig ánægjuleg samverustund með vinnufélögum, mökum/aðstandendum og fulltrúum fyrirtækisins. Árið 2017 sóttu 11 starfsmenn slíkt námskeið.

# **VIÐBURÐARÍKT** ÁR



## UMFANGSMIKLUM MALBIKS-FRAMKVÆMDUM LOKIÐ

Malbikun flugbrautanna á Keflavíkurflugvelli lauk í september og klippt var á borða við opnun austur-vestur brautarinnar. Framkvæmdir hófust sumarið 2016 en heildarverkið var að malbika báðar flugbrautirnar, skipta út öllum raflögnum og flugbrautarljósum fyrir orkusparandi díóðuljós. Framkvæmdirnar jöfnuðust á við allar malbikunarframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu árið 2017.



## ÚTHLUTUN ÚR SAMFÉLAGSSJÓÐI ISAVIA

26 verkefni hlutu styrk úr samfélagssjóði Isavia á árinu. Veitt er úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári. Við val á styrkþegum er áhersla lögð á umhverfismál, mannúðarmál, forvarnir, flugtengd málefni, listir, menningu og menntamál og barst sjóðnum fjöldinn allur af umsóknum.



## MORGUNFUNDUR ISAVIA UM FARÞEGASPÁ 2018

Árlegur morgunfundur Isavia var haldinn á Hilton Nordica í nóvember en þar var kynnt ný spá um farþegafjölda fyrir Keflavíkurflugvöll árið 2018. Þá var Dr. Huginn Freyr Þorsteinsson með erindi um hvaða áhrif það hefur fyrir Ísland að Keflavíkurflugvöllur er skiptistöð milli heimsálfa auk þess sem Ásta Kristín Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri íslenska ferðaklasans, kynnti viðskiptahraðalinn Startup Tourism, sem hefur hjálpað fjölda sprotafyrirtækja í ferðaþjónustu að komast á legg.






## MORGUNFUNDUR ISAVIA UM FERÐASUMARIÐ 2017

Isavia hélt í vor opinn morgunfund um ferðasumarið fram undan á Hilton Reykjavík Nordica. Á fundinum var meðal annars farið yfir farþegaspá Isavia og hvernig hún hafði staðist það sem af var ári, áætlaðan ferðamannafjölda sumarsins, þær aðgerðir sem Isavia hafði farið í til þess að taka vel á móti þeim mikla fjölda sem fer um flugvöllinn og þann árangur sem náðst hafði í þjónustukönnun á flugvellinum þrátt fyrir gríðarlega fjölgun farþega. Þá fór Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri yfir þau verkefni sem Ferðamálastofa hafði ráðist í til að taka betur á móti ferðamönnum og hvernig fé úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða hafði verið ráðstafað.

## TÍMABUNDIÐ VERSLUNAR- OG VEITINGARÝMI Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Isavia bryddaði upp á þeirri nýjung á Keflavíkurflugvelli á árinu að bjóða upp á tímabundið verslunar- og veitingarými í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Veitingastaðurinn Sbarro, verslunin Epal og Ísey skyr þar voru valin til þess að taka þátt í verkefninu.





## JÓLAKVEÐJA ISAVIA

Isavia fékk starfsfólk með sér í lið við gerð jólakveðju Isavia sem birt var í fjölmiðlum fyrir jólin 2017. Yfir 200 starfsmenn tóku þátt víðsvegar úr fyrirtækinu.

BLAÐSÍÐUR
46-55

# ISAVIA **OG UMHVERFIÐ**




48 — UMHVERFISMÁL MEÐ BYR UNDIR BÁÐA VÆNGI

49 — EFNISNOTKUN

50 — ORKA

50 — VATN

51 — SORP

52 — HLJÓÐ

52 — LOFTGÆÐI

54 — LÍFRÍKI


Umhverfisstefnu fyrirtækisins má finna á vefsíðunni, ásamt ítarlegri upplýsingum um vinnu Isavia í umhverfismálum.

# UMHVERFISMÁL
# MEÐ BYR UNDIR BÁÐA VÆNGI

Í desember fékk Isavia hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar og Festu í loftslagsmálum.

Keflavíkurflugvöllur endurnýjaði skref 1 í kolefnisvottun flugvalla á vegum Alþjóðasamtaka flugvalla. Hafinn er undirbúningur fyrir skref 2 sem vonir standa til að náist árið 2018. Tvö af þeim markmiðum sem Isavia setti í tengslum við Ábyrga ferðaþjónustu snúa að tveimur vegamiklum þáttum í losun gróðurhúsalofttegunda í starfseminni. Annars vegar notkun jarðefnaeldsneytis og hins vegar sorpflokkun. Einnig hefur verið unnið að aðgerðaáætlun í umhverfismálum til ársins 2030.

Isavia tekur sem fyrr þátt í verkefninu Græn skref og hafa nokkrar starfsstöðvar bætt við sig skrefum á árinu. Sem dæmi má nefna að Flugfjarskipti hafa lokið fjórum skrefum, Keflavíkurflugvöllur fyrsta skrefi og flugvellirnir á Egilsstöðum og Akureyri luku öðru skrefi. Verkefnið ýtir sannarlega undir aukna umhverfisvitund starfsmanna.



## EFNISNOTKUN

Starfsemi Isavia er að mörgu leyti fremur orkufrek, bæði í raforku- og eldsneytisnotkun.

Veigamesti umhverfisþátturinn í starfsemi félagsins er notkun jarðefnaeldsneytis. Notkunin er mest að vetrinum þegar hreinsa þarf flugbrautir og flughlöð nánast allan sólarhringinn. Erfitt getur reynst að stýra notkuninni en reynt er að draga úr henni eins og kostur er án þess að það komi niður á starfsemi eða öryggi. Rafmangsbílar hafa verið keyptir til notkunar innan flugvallasvæðis í Keflavík, starfsmenn með meirapróf taka námskeið í vistakstri og enn fleiri aðgerðir í tengslum við þetta málefni eru á dagskránni á komandi árum.

Eldsneytisnotkun á hvern farþega nam tæpum einum lítra á árinu og dróst saman um tæp 10% frá 2016. Heildarnotkun eldsneytis var þó meiri 2017 en undangengin ár.




**MINNI NOTKUN ELDSNEYTIS**
PER FARÞEGA FRÁ 2015

| | 2015 | 2016 | 2017 |
|---|---|---|---|
| Bensín | 45.665 l | 47.131 l | 40.769 |
| Dísil | 751.722 l | 714.574 l | 819.696 |
| Flugbensín | - | - | 62.468 |
| **Lítrar á hvern farþega** | **1,48 l** | **1,06 l** | **0,96 l** |

| | 2016 | 2017 |
|---|---|---|
| Clearway SF3 í tonnu | 27 | 58 |
| Clearway F1 í lítrum | 54.300 | 79.959 |

## ORKA

Heildarraforkunotkun síðasta árs nam 29.421.110 kílóvattstundum en það jafngilti notkun rúmlega 5.800 heimila. Notkun Isavia á heitu vatni samsvaraði ársnotkun um 5.780 einstaklinga, eða 894.979 rúmmetrar.

Eins og áður hefur komið fram er eldsneytisnotkun veigamesti umhverfisþátturinn í starfsemi Isavia. Stærsta hlutann má rekja til þjónustu og viðhalds á athafnasvæðum flugvéla. Þjónusta er mjög háð veðri og því geta miklar sveiflur orðið á milli ára, óháð farþegafjölda, einkum ef sinna þarf vetrarþjónustu marga daga á ári með orkufrekustu tækjunum.

Á árinu voru sett upp ný tæki til þess að ræsa flugvélahreyfla á Keflavíkurflugvelli sem nota rafmagn í stað jarðefnaeldsneytis.

Isavia notar bæði sand og afísingarefni á flugbrautir og önnur svæði á flugvöllunum. Sandur er notaður á innanlandsvöllunum og afísingarefni á Keflavíkurflugvelli en auk þess voru notaðir 5.000 lítrar af afísingarvökva á Akureyrarflugvelli. Isavia notar Clearway F1 afísingarvökva og Clearway SF3 afísingarkorn. Efnin eru gerð annars vegar úr natríumformati og hins vegar úr kalíumformati og bera umhverfismerkið Bláa engilinn. Efnin eru lífbrjótanleg og hafa lítil eitrunaráhrif á vatnsbúskap. Þau uppfylla allar tilskyldar umhverfis- og vistfræðilegar kröfur.

## VATN

Isavia sækir vatn sitt í veitur sem starfræktar eru á hverri starfsstöð og hefur ekki endurnýtt eða endurunnið vatn af flugvallasvæðum.

Félagið hefur hafið grunnvatnsrannsóknir á Keflavíkurflugvelli sem fyrirtækið Verkís hefur yfirumsjón með. Á síðasta ári voru sýni tekin tvisvar, annars vegar í apríl og hins vegar í september. Vísbendingar um efnanotkun á flugvallarsvæðinu finnast í grunnvatnssýnum úr borholum og benda til þess að einhver mengun sé til staðar, en þó ekki í miklu magni. Talið er að meiri hluta þeirra mengandi efna sem fram koma í mælingunum megi rekja til starfsemi Bandaríkjahersins á fyrri árum á Keflavíkurflugvelli. Í kjölfar þessara mælinga munu fara fram nákvæmari mælingar, meðal annars á grunnvatnsstreymi.

Nánar má kynna sér málefni tengd vatni og fráveitu á heimsíðu Isavia.



## SORP

| | kg |
|---|---|
| Spilliefni til endurvinnslu | 84 |
| Spilliefni til förgunar | 45.337 |
| Raftæki til endurvinnslu | 445 |
| Til endurvinnslu | 420.794 |
| Til urðunar/ förgunar | 1.235.220 |
| **Samtals** | 1.701.880 |
| Endurvinnslu-hlutfall | 25% |

Eitt af markmiðum Isavia í Ábyrgri ferðaþjónustu og í tengslum við Loftslagssáttmálann er að minnka magn óflokkaðs sorps í starfseminni. Stór skref hafa verið tekin á árinu í að auka flokkun. Sorpflokkun Isavia er mjög mismunandi eftir starfsstöðvum. Algengast er að um fjögurra flokka flokkun sé að ræða, pappír, skilagjaldskyldar umbúðir, plast og almennt sorp. Á haustdögum var unnið ötullega að því að koma á aukinni flokkun á Keflavíkurflugvelli og í desember hófst flokkun á lífrænum úrgangi frá rekstraraðilum í innritunarsal. Eftir því sem líður á árið 2018 munu aðrir rekstraraðilar einnig auka sorpflokkun og farþegar munu hafa möguleika á að flokka pappír og plast til viðbótar skilagjaldsskyldum umbúðum.

Nokkrar starfsstöðvar hafa lengi flokkað sitt sorp ítarlega, t.d. Akureyrarflugvöllur og Flugfjarskipti.

Flugfjarskipti hafa gengið enn lengra og nýta stóran hluta af þeim lífræna úrgangi sem til fellur annars vegar í moltu á staðnum og hins vegar sem fóður fyrir hænur sem starfsmenn halda á starfstöðinni. Þetta er sérstök og skemmtileg leið til að nýta matarafganga og gefur starfsmönnum ánægju að hugsa um og fylgjast með hænunum, að ekki sé minnst á möguleikann á nýjum eggjum daglega. Starfsmenn verða virkari með svona hvetjandi aðferðum og mætti skoða að nota einhverjar slíkar á fleiri starfsstöðvum. Heildarendurvinnsluhlutfall jókst úr 14% árið 2016 í 25% 2017. Einnig jókst hlutfall flokkaðs sorps á hvern farþega úr tæpum 14% árið 2016 í 20% árið 2017.

Nánar má lesa um sorpflokkun á starfsstöðvum Isavia á vef félagsins.

| | 2016 | | 2017 | |
|---|---|---|---|---|
| | kg | % | kg | % |
| Flokkað per farþega | 0,03 | 14% | 0,04 | 20% |
| Óflokkað per farþega | 0,16 | 86% | 0,16 | 80% |
| **Samtals per farþega** | **0,19** | | **0,20** | |

# HLJÓÐ

Á liðnu ári voru settir upp þrír fastir hljóðmælar á völdum stöðum í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Einnig er þar á meðal færanlegur mælir sem gerir Isavia kleift að bregðast við kvörtunum með nákvæmari mælingum. Til viðbótar mælingunum var sett upp kerfi sem gerir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum kleift að fylgjast með frá hvaða flugvélum hljóðið berst og tilkynna um ónæði. Þannig fæst betri mynd af því hvar og hvaða flug valda ónæði svo bregðast megi við. Á síðasta ári bárust 11 tilkynningar með þessum hætti um ónæði við Keflavíkurflugvöll og 4 vegna ónæðis við Reykjavíkurflugvöll.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Isavia. Þar er meðal annars að finna hlekki á hljóðstigsvöktunarviðmótið og hnappa sem nýta má til þess að tilkynna ónæði af völdum flugs.

# LOFTGÆÐI

Beina losun gróðurhúsalofttegunda Isavia má rekja til eldsneytisnotkunar. Árið 2017 var bein losun gróðurhúsalofttegunda félagsins vegna brennslu á jarðefnaeldsneyti 2458 t CO2e . Stærstu tækifæri félagsins til þess að draga úr losun felast í að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Er það eitt markmiða Isavia fyrir 2018. Við útreikninga á losun gróðurhúsalofttegunda síðustu ára voru notuð hærri meðallosunargildi við bruna jarðefnaeldsneytis en nú eru notuð. Nú er notast við gildi sem sett voru fram í reiknivél í tengslum við Loftslagssáttmála Reykjavíkurborgar og Festu. Hér eru birt uppreiknuð gildi síðustu ára miðað við þau gildi.

Bein losun gróðurhúsalofttegunda vegna brennslu jarðefnaeldsneytis á hvern farþega árið 2017 var 0,257 kg og minnkaði milli áranna 2016 og 2017 um tæplega 9%.

Aukning varð á beinni losun GHL við eldsneytisnotkun milli áranna 2016 og 2017 vegna aukinnar eldsneytisnotkunar. Þrátt fyrir það lækkaði losun á hvern farþega eins og sagt er frá hér til hliðar og það sama á við um eldsneytisnotkun á hvern farþega.

Isavia hefur sett sér það markmið fyrir árið 2020 að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 10% á hvern farþega, miðað við árið 2015. Það ár nam losunin 0,6 kg CO2 ígilda og árið 2016 0,46 kg CO2 ígilda. Árið 2017 var losun gróðurhúsalofttegunda 0,37 kg CO2 ígilda og hefur losun á hvern farþega því dregist saman um 38% miðað við 2015. Með því hefur Isavia náð markmiðinu fyrir árið 2030 sem var að minnka losun gróðurhúsalofttegunda á hvern farþega um 30% miðað við árið 2015.

Við útreikninga er tekið tillit til losunar CO2 við brennslu jarðefnaeldsneytis, framleiðslu raforku og urðunar sorps.

Sú orka sem Isavia notar í starfseminni í formi rafmagns eða hita kemur annars vegar frá fjarvarmaveitum eða vatnsaflsvirkjunum. Í báðum tilfellum er um að ræða endurnýjanlega orkugjafa sem valda mjög lítilli losun gróðurhúsalofttegunda. Óbein losun vegna hita og rafmagns er því lítil sé horft til framleiðslu rafmagns með öðrum leiðum. Samkvæmt Orkustofnun er meðallosun raforkuframleiðslu 11,8 gr. kolefnisígilda á hverja kílóvattstund. Óbein losun Isavia með raforkunotkun



árið 2017 eru 347 tonn CO2. Til annarrar óbeinnar losunar gróðurhúsalofttegunda í starfseminni má meðal annars telja urðun sorps og ferðir starfsmanna. Á árinu 2017 fóru 1.235.220 kg af sorpi til urðunar eða förgunar. Í þeirri tölu er einnig grófur úrgangur, ristarúrgangur og jarðvegur eða múrbrotsleifar. Losun gróðurhúsalofttegunda vegna urðunar á sorpi Isavia árið 2017 voru 717 tonn, en þar inn í er einnig reiknuð losun vegna lífræns úrgangs til moltugerðar. Losun kolefnisígilda vegna flugferða starfsmanna til útlanda voru 286 tonn.

Lítil sem engin losun ósoneyðandi efna fer fram við starfsemi Isavia. Vöktun á köfnunarefnisdíoxíði fer fram með loftgæðamæli sem staðsettur er ofan við Eyjabyggð í Reykjanesbæ. Fyrirhugað er einnig að mæla brennisteinsoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og svifryk innan flugvallasvæðisins í Keflavík.

Nánar má lesa um loftgæði á vef Isavia.

| | | |
|---|---|---|
| **2015** | | |
| Farþegafjöldi | 5.548.127 | |
| Heildarlosun $CO_2$ v/eldsneytis | 2.187.120 | kg |
| $CO_2$ losun per farþega | 0,394 | kg |
| **2016** | | |
| Farþegafjöldi | 7.618.793 | |
| Heildarlosun $CO_2$ v/eldsneytis | 2.146.070 | kg |
| $CO_2$ losun per farþega | 0,282 | kg |
| **2017** | | |
| Farþegafjöldi | 9.577.927 | |
| Heildarlosun $CO_2$ v/eldsneytis | 2.458.376 | kg |
| $CO_2$ losun per farþega | 0,257 | kg |

## LÍFRÍKI

Flugvallasvæði Isavia eru eins fjölbreytt hvað varðar lífríki og þau eru mörg. Í áraraðir hefur Isavia fylgst mjög vel með dýralífi innan flugvallasvæða og greint nánasta umhverfi flugvalla m.t.t. ásóknar dýra og fugla. Ásókn villtra dýra er mjög mismunandi eftir stöðum enda gróðurfar og fæðuframboð mismunandi. Mikilsvert starf fer fram á flugvöllum til að minnka líkur á árekstri dýra og flugvéla, t.d. með fælingu og búsvæðastjórnun.

Isavia skráir alla árekstra fugla og annarra villtra dýra við flugvélar á flugvöllum. Á Keflavíkurflugvelli voru skráðir 14 árekstrar fugla á síðastliðnu ári og 22 árekstrar á innanlandsflugvöllum.

Nánar má lesa um lífríki innan flugvallasvæða og fræðast um skráningar á villtum dýrum á heimasíðu Isavia.

Á síðasta ári varð eitt óhapp á Keflavíkurflugvelli þar sem um 200 lítrar af olíu láku niður svo skipta varð um 1,18 tonn af jarðvegi.

Engir úrskurðir hafa fallið þar sem félagið hefur verið talið brjóta gegn umhverfisverndarlögum.

| | |
|---|---|
| Heildarfjöldi flughreyfinga | 194.415 |
| Fjöldi árekstra við fugla | 36 |
| Árekstrar við fugla á hverja 10.000 flughreyfingar | 1,85 |



# TÍÐINDI ÚR **UMHVERFINU**



### RAFBÍLAVÆÐINGIN HEFST

Í mars fékk Isavia afhenta þrjá nýja Kia Soul EV rafbíla frá Bílaumboðinu Öskju. Bílarnir eru mjög umhverfismildir og hagkvæmir enda hreinir rafbílar og munu þannig stuðla að minnkun kolefnisfótspors flugvallarins.



### HVATNINGARVIÐURKENNING Í LOFTSLAGSMÁLUM

Isavia hlaut á árinu hvatningarviðurkenningu í loftslagsmálum frá Reykjavíkurborg og Festu en viðurkenningarnar voru veittar í fyrsta sinn árið 2017. Telja borgin og Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, að Isavia hafi sett sér metnaðarfull markmið í loftslagsmálum.




### ÁBYRG FERÐAÞJÓNUSTA

Isavia ásamt 300 öðrum fyrirtækjum í ferðaþjónustu undirritaði yfirlýsingu um ábyrga ferðaþjónustu í janúar en um er að ræða hvatningarverkefni sem stuðla á að umhverfisvernd og samfélagsábyrgð.



BLAÐSÍÐUR
56–103

# EFNAHAGUR
## ISAVIA

58 — UMSVIF STARFSEMINNAR
60 — FLUGTÖLUR
62 — FARÞEGA- OG UMFERÐARSPÁR
64 — LYKILTÖLUR
66 — GRI-YFIRLIT
78 — SKÝRSLA STJÓRNAR
80 — ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA
82 — SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR ISAVIA OHF. 2017

Í framhaldi af samþykki stjórnar Isavia, að leggja þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar til grundvallar allri uppbyggingu flugvallarins er ljóst að ráðast þarf í miklar framkvæmdir á komandi árum sem kalla á mikið fjármagn. Efnahagur Isavia er vel í stakk búinn fyrir þá uppbyggingu sem framundan er. Aðgengi félagsins að lánsfjármagni hefur verið gott og um þessar mundir eru engin sérstök merki um að breyting verði þar á. Aftur á móti er mikilvægt í ljósi umfangs að nálgast frekari uppbyggingu með áhættumeðvitund að leiðarljósi enda hlaupa fyrirhugaðar fjárfestingar á mörgum tugum milljarða króna á komandi árum.

Sem dæmi um styrka stöðu efnahags félagsins þá hefur eiginfjárhlutfall þess nánast staðið í stað frá því í lok árs 2013 en á sama tíma hefur verið fjárfest fyrir tæpa 43 milljarða króna, og hafa þær fjárfestingar verið fjármagnaðar úr rekstri og með lántökum.

# UMSVIF **STARFSEMINNAR**

## TVEIR ÞÆTTIR HAFA MEST ÁHRIF Á UMSVIF ISAVIA, ANNARS VEGAR FJÖLDI FLUGHREYFINGA OG HINS VEGAR FJÖLDI FARÞEGA.

Í heildina hafa umsvif starfseminnar aukist frá fyrra ári. Á innanlandsflugvöllum jókst fjöldi farþega um 3%, á Keflavíkurflugvelli jókst fjöldi farþega um 28% og umferð í Íslenska flugstjórnarsvæðinu um 12% á árinu 2017.




**Umsvif á flugvallasviði**
Þrjú flugfélög héldu uppi áætlunarflugi innanlands, Air Iceland Connect, Flugfélagið Ernir og Norland Air. Önnur flugfélög sem nýttu þjónustu Isavia að staðaldri voru Mýflug, Atlantsflug og Norðurflug. Fyrirtækin Vesturflug/Blue West og Helo reka þyrluþjónustu á flugvöllum félagsins.

Air Iceland Connect flýgur frá Reykjavík til nokkurra staða á Grænlandi og Atlantic Airways til Færeyja. Þá eru Flugskóli Íslands og Flugfélagið Geirfugl með starfsemi á Reykjavíkurflugvelli. BIRK Flight Services og Air Iceland Connect annast flugafgreiðsluþjónustu á flugvellinum.

Á Akureyrarflugvelli sinnir Norlandair reglulegu áætlunarflugi innanlands og áætlunar- og leiguflugi til Grænlands, auk þess sem ferðaskrifstofur á svæðinu bjóða upp á beinar ferðir frá Akureyri til nokkurra áfangastaða erlendis. Circle Air sinnir leigu- og útsýnisflugi frá Akureyri og Reykjavík. Air Iceland Connect hefur flogið milli Akureyrar og Keflavíkurflugvallar í tengslum við helstu áfangastaði Icelandair í Evrópu og Norður-Ameríku frá febrúar 2017. Í febrúar 2018 tilkynnti flugfélagið að það hygðist leggja niður flugleiðina frá og með sumri 2018. Þá er flugkennsla starfrækt á vegum Flugskóla Akureyrar. Flugfélag Íslands og South Air annast flugafgreiðsluþjónustu á Akureyrarflugvelli.

Á Egilsstaðaflugvelli hefur Air Iceland Connect með höndum flugafgreiðsluþjónustu.

**Umsvif á flugleiðsögusviði**
Stærstu viðskiptavinir flugleiðsöguþjónustu Isavia eru Icelandair, WOW air, United Airlines, Emirates, Delta, SAS, Lufthansa, British Airways, Air Canada og Qatar. Þessi flugfélög fljúga flesta kílómetra innan íslenska flugstjórnarsvæðisins. Íslensku félögin eru stærstu notendur flugleiðsöguþjónustu á Keflavíkurflugvelli.

**Umsvif á Keflavíkurflugvelli**
Notendum Keflavíkurflugvallar fjölgar stöðugt. Sumarið 2017 flugu 27 flugfélög þaðan til yfir 90 áfangastaða. Tólf félög flugu árið um kring til og frá landinu: Icelandair, WOW air, easyJet, Wizz Air, British Airways, Norwegian, SAS, Air Iceland Connect, Delta, Lufthansa, Finnair og Primera.

Fjórir flugafgreiðsluaðilar starfa á Keflavíkurflugvelli: IGS, Airport Associates, ACE Handling og South Air.

Fjölmargir farþegar nýta sér Keflavíkurflugvöll sem tengi-flugvöll og bæði WOW air og Icelandair nýta flugvöllinn þannig á leið milli Evrópu og Norður-Ameríku. Lágmarkstengitími farþega á Keflavíkurflugvelli eru 25 mínútur.

Isavia hefur með aðstoð hvatakerfis orðið allvel ágengt við að fá flugfélög til þess að fljúga til landsins að vetrinum. Félagið hefur einnig markaðssett afgreiðslutíma utan mestu álagstíma á hverjum sólarhring með það að markmið að nýta betur aðstöðuna á flugvelliinum. Mjög mikil aukning varð í notkun á þessum afgreiðslutímum á árinu 2017.



# FLUGTÖLUR

Farþegahreyfingar um flugvelli Isavia í heild námu tæplega 9,6 milljónum árið 201, en það var tæplega 25,7% aukning frá árinu 2016. Millilandafarþegum fjölgaði úr tæpum 6,9 milljónum í rúmlega 8,8 milljónir, eða um 28,2% milli ára. Mest var fjölgunin á Keflavíkurflugvelli, um 28,3%, en millilandafarþegum á öðrum flugvöll-um fjölgaði um tæp 5%. Innanlandsfar-þegum fjölgaði á sama tíma úr rúmlega 749 þúsund í rétt tæplega 772 þúsund, eða um 3% eins og áður segir.




Fjöldi farþega á öllum flugvöllum Isavia.

Flughreyfingar á flugvöllum Isavia voru rétt rúmlega 196 þúsund árið 2017. Það var rúmlega 12% aukning frá árinu áður. Flughreyfingar milli landa á íslenskum áætlunarflugvöllum voru rúmlega 65 þúsund og var það aukning um 20%. Aukningin varð langmest á Akureyri, tæp 39%, en rúmlega 19% á Keflavíkur-flugvelli. Flughreyfingar innanlands á áætlunarflugvöllum voru tæplega 129 þúsund, sem var um 9% aukning milli ára, en þeim hafði fækkað verulega árið áður vegna stækkunar flugvéla í innanlandsflugi.




Fjöldi flughreyfinga




Fjöldi vöruflutninga




Fjöldi flugvéla sem fóru um flugstjórnarsvæðið

Árið 2017 fóru alls tæplega 60 þúsund tonn af vörum um flugvelli félagsins og var það rúmlega 11% aukning frá fyrra ári. Vöruflutningar milli landa voru rétt tæplega þúsund tonn árið 2016 en það var rétt rúmlega 11% aukning milli ára. Vöruflutningar innanlands voru rúmlega 1.300 tonn árið 2017 sem var talsverður samdráttur frá því árið 2016 þegar nærri 1.800 tonn voru flutt innanlands.

Rúmlega 185 þúsund flugvélar fóru um íslenska flugstjórnarsvæðið árið 2017 og var það aukning um 11,8% frá árinu 2016. Alls voru flognir tæplega 253 milljónir kílómetrar í íslenska úthafsflugstjórnarsvæðinu árið og jafngildir það um 300 ferðum til tunglsins og til baka aftur.

# FARÞEGA- OG UMFERÐARSPÁR

## ISAVIA GERIR UMFERÐARSPÁR A.M.K. EINU SINNI Á ÁRI FYRIR KJARNASTARFSEMI FÉLAGSINS, ANNARS VEGAR FYRIR FARÞEGAFJÖLDA Á INNANLANDSFLUGVÖLLUM OG KEFLAVÍKURFLUGVELLI OG HINS VEGAR UMFERÐ Á ÍSLENSKA FLUGSTJÓRNARSVÆÐINU.

Farþegaspá fyrir innanlandsflugvelli er gerð í lok hvers árs. Byggist hún á upplýsingum frá stærstu notendum flugvallanna og er notuð í tengslum við rekstraráætlun og gerð gjaldskrár.

Umferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu er metin í samræmi við upplýsingar frá vinnuhópi sem nefnist Economic Financial Forecasting Group (EFFG). Í hópnum eiga sæti allir þjónustuveitendur og fulltrúar samtaka notenda á Norður-Atlantshafi og gerir hann spár um flugumferð yfir Norður-Atlantshafi.

Farþegaspá fyrir Keflavíkurflugvöll er gerð í lok hvers árs fyrir næsta ár. Spáin er unnin á grundvelli upplýsinga um afgreiðslutíma sem flugfélög hafa tryggt sér í komandi sumar- og vetraráætlun. Mjög gott samstarf er við stærstu félögin um upplýsingar um sætaframboð. Isavia leggur áherslu á að deila upplýsingum sem félagið tekur saman með ferðaþjónustuaðilum, greiningaraðilum og almenningi og heldur til þess opna fundi.

Í farþegaspá fyrir árið 2018, sem var kynnt í nóvember 2017, er gert ráð fyrir að farþegahreyfingum fjölgi um 18% á Keflavíkurflugvelli og fari úr 8,8 milljónum í 10,4 milljónir. Hlutfall skiptifarþega heldur áfram að aukast og er búist við að þeir verði 35% af heildarfjölda farþega á flugvellinum.



# LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

| Úr rekstrarreikningi | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 37.974 | 33.008 | 26.013 | 22.079 | 19.810 |
| EBITDA | 9.853 | 8.857 | 6.008 | 4.906 | 4.470 |
| EBIT | 6.523 | 6.322 | 3.999 | 3.328 | 2.818 |
| Fjármunatekjur/gjöld | -1.607 | 2.304 | -181 | -605 | 1.200 |
| Hagnaður fyrir skatta | 4.916 | 8.626 | 3.818 | 2.724 | 4.018 |
| Heildarafkoma ársins | 3.949 | 6.923 | 3.073 | 2.197 | 3.217 |
| **Úr efnahagsreikningi** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 54.332 | 42.922 | 31.425 | 25.715 | 23.179 |
| Eignir | 72.548 | 59.229 | 45.187 | 40.849 | 34.511 |
| Eigið fé | 31.005 | 27.057 | 20.134 | 17.061 | 14.864 |
| Vaxtaberandi skuldir | 25.515 | 24.206 | 18.565 | 18.963 | 15.886 |
| Veltufjárhlutfall | 0,92 | 1,49 | 1,30 | 1,91 | 1,24 |
| **Úr sjóðstreymi** | | | | | |
| Rekstrarhreyfingar | 3.166 | 6.151 | 6.326 | 4.628 | 4.032 |
| Fjárfestingahreyfingar | -14.542 | -13.760 | -5.747 | -5.754 | -2.966 |
| Fjármögnunarhreyfingar | 8.750 | 8.798 | 67 | 2.857 | -1.324 |
| Handbært fé í lok ársins | 3.101 | 5.831 | 4.994 | 4.491 | 2.730 |
| **Kennitölur** | | | | | |
| Framlegðarhlutfall rekstrar | 26% | 27% | 23% | 22% | 23% |
| Hagnaðarhlutfall | 10% | 21% | 12% | 10% | 16% |
| Veltuhraði eigna | 0,58 | 0,63 | 0,60 | 0,59 | 0,58 |
| Arðsemi eigin fjár | 14% | 29% | 17% | 14% | 24% |
| Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár | 0,71 | 1,24 | 0,55 | 0,39 | 0,58 |
| Eiginfjárhlutfall | 43% | 46% | 45% | 42% | 43% |
| | | | | | |
| Meðalfjöldi starfa | 1350 | 1.215 | 1.017 | 914 | 848 |

## 2017 2016

### Tekjur samstæðunnar

- Tekjur af flugvallaþjónustu
- Fasteignatekjur
- Vörusala
- Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu
- Aðrar tekjur




### Tekjur af flugvallaþjónustu

- Þjónustusamningur við IRR
- Lendingagjöld
- Flugverndargjöld
- Farþegagjöld
- Önnur gjöld




### Rekstrarkostnaður

- Kostnaðarverð seldra vara
- Laun og annar starfsmannakostnaður
- Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður
- Annar rekstrarkostnaður
- Afskriftir



# GRI YFIRLIT

Isavia gefur nú í annað sinn út árs- og samfélagsskýrslu í samræmi við viðmiðunarreglur Global Reporting Initiative (GRI). Í skýrslunni er fjallað um hvernig félagið fylgir viðmiðum GRI G4 með víðtækari upplýsingagjöf (Comprehensive). Auk þess er fjallað um hvernig Isavia fylgir sérákvæðum um starfsemi flugvalla samkvæmt G4 Airport Operators Sector Disclosures. Sérákvæðunum er ætlað að taka á þeim áskorunum og tækifærum sem flugvellir standa frammi fyrir þegar kemur að sjálfbærni.

Upplýsingar í skýrslunni miðast við árið 2017. Upplýsingar í samfélags - og umhverfishluta skýrslunnar eru miðaðar við móðurfélagið. Skýrslan var unnin af sérfræðingum á sínum sviðum hjá Isavia. Í töflunni hér að neðan er gerð grein fyrir stöðu mála á hverju viðmiði GRI G4 og hvar upplýsingar um þau eru að finna. Á næstu árum verður unnið enn frekar að sjálfbærni félagsins.

- ● Uppfyllt
- ◐ Uppfyllt að hluta
- ○ Ekki uppfyllt
- ● Á ekki við

| Efni | | Staðsetning | Staða | Blaðsíða | UNGC |
|---|---|---|---|---|---|
| **STEFNA OG GREINING** | | | | | |
| G4-1 | Yfirlýsing frá æðsta stjórnanda fyrirtækisins | Miðstöð flugs á Norður-Atlantshafi | ● | 8–9 | |
| G4-2 | Lýsing á helstu áhrifum, áhættum og tækifærum | Miðstöð flugs á Norður-Atlantshafi, Ávarp stjórnarformanns | ● | 8–13 | |
| **UPPLÝSINGAR UM FYRIRTÆKIÐ** | | | | | |
| G4-3 | Heiti fyrirtækis | Isavia ohf. | ● | | |
| G4-4 | Helstu vörumerki, vörur og/eða þjónusta | Starfsemi, Framkvæmdaráð, Umsvif starfseminnar | ● | 6–7, 16–17 | |
| G4-5 | Staðsetning höfuðstöðva | Reykjavíkurflugvöllur, 101 Reykjavík | ● | | |
| G4-6 | Lönd þar sem fyrirtækið er með starfsemi | Isavia er eingöngu með starfsstöðvar á Íslandi. Fyrirtækið á fjögur dótturfélög, Fríhöfnina, Tern Systems, Domavia og Suluk. | ● | | |
| G4-7 | Eignarhald og lögform | Isavia er opinbert hlutafélag | ● | | |
| G4-8 | Markaðurinn (landfræðileg skipting, viðskiptavinir, hagsmunaaðilar). Auk þess fyrir flugvelli: Farþegatölur, vöruflutningar, áfangastaðir | Starfsemi, Hagaðilar, Umsvif starfseminnar, https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/utgefid-efni/flugtolur/arleg-utgafa | ● | 6–7, 30–39, 58–63 | |
| G4-9 | Gerið grein fyrir stærð og umfangi fyrirtækisins: Heildarfjöldi starfsmanna, umfang starfsstöðva, velta og/eða tekjur fyrirtækis og stofnunar, heildarvelta brotin niður í skuldir og eigið fé (fyrirtæki), heildarframleiðsla varðandi vöru og þjónustu. Auk þess fyrir flugvelli: Áætlaður fjöldi starfsmanna á flugvallasvæðinu, stærð flugvallar, lengd flugbrauta, lágmarkstengitími á flugvelli, fjöldi fyrirtækja á svæðinu, fjöldi flugfélaga og fjöldi áfangastaða. | Starfsemi, Hagaðilar (viðskiptavinir), Mannauður, Lykiltölur úr rekstri, Ársreikningur Isavia | ● | 6–7, 30–32, 40–43, 58–63, 64–65, 78–103 | |
| G4-10 | Gerið grein fyrir skiptingu starfsfólks eftir starfssamningi og kyni (a-f alls 6 þættir) | Mannauður | ● | 40–43 | 6 |

| Efni | Staðsetning | Staða | Blaðsíða | UNGC |
|---|---|---|---|---|

- ● Uppfyllt
- ◐ Uppfyllt að hluta
- ○ Ekki uppfyllt
- ● Á ekki við

| Efni | | Staðsetning | Staða | Blaðsíða | UNGC |
|---|---|---|---|---|---|
| G4-26 | Verklag við ákvörðun á samstarfi við hagsmunaaðila | Miðstöð flugs á Norður-Atlantshafi, Ávarp stjórnarformanns, Stjórnarhættir, Hagaðilar, Umsvif starfseminnar, Mannauður | ● | 8–9, 10–13, 14–15, 30–39, 40–43, 58–63 | |
| G4-27 | Helstu atriði og málefni sem hafa komið upp í samstarfi við hagsmunaaðila | Miðstöð flugs á Norður-Atlantshafi, Ávarp stjórnarformanns, Samfélagið, Hagaðilar, Umhverfi | ● | 8–9, 10–13, 28–29, 30–39, 48–55 | |
| **VIÐFANGSEFNI SKÝRSLUNNAR** | | | | | |
| G4-28 | Tímabil sem upplýsingar í skýrslunni ná til | Skýrsla fyrir árið 2017 | ● | | |
| G4-29 | Hvenær var síðasta skýrsla gefin út (ef við á) | Síðasta skýrsla var gefin út í mars 2017 | ● | | |
| G4-30 | Skýrslutíðni (árleg, tvisvar á ári o.s.frv.) | Árlega | ● | | |
| G4-31 | Tengiliðir vegna upplýsinga er varða skýrsluna og efni hennar | Fyrirspurn sendist á: www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/fyrirtaekid/hafdu-samband/hafdu-samband | ● | | |
| G4-32 | Ferli við ákvörðun á efni skýrslunnar | Notast var við viðmið GRI-G4 með sérákvæðum um flugvelli | ● | | |
| **GRI YFIRLIT** | | | | | |
| G4-33 | Stefnumótun og starfshættir fyrirtækisins, varðandi utanaðkomandi ráðgjöf, trygging á öruggri gagnavinnslu og aðferðafræði við gerð skýrslunnar | Áritun endurskoðenda, uppfyllum lög og reglugerðir sem eiga við fyrirtækið, áhættustýring, Stjórnarhættir, Umhverfi | ● | 14–15, 48–55, 80–81 | |

## STJÓRNARHÆTTIR

| Efni | | Staðsetning | Staða | Blaðsíða | UNGC |
|---|---|---|---|---|---|
| **UPPBYGGING OG SAMSETNING STJÓRNARHÁTTA** | | | | | |
| G4-34 | Skipulag fyrirtækisins, þ.m.t. undirnefndir stjórnar. Skilgreinið hver eða hvaða nefndir bera ábyrgð á ákvörðunartöku varðandi efnahags-, umhverfis- og félagsleg áhrif af starfsemi fyrirtækisins | Stjórnarhættir | ● | 14–15 | |
| G4-35 | Gerið grein fyrir ferli framsals á valdi og ákvörðunartöku varðandi efnahags-, umhverfis- og félagslegra þátta frá stjórnendum til óbreyttra starfsmanna | Stjórnarhættir (framkvæmdaráð) | ◐ | 16–17 | |
| G4-36 | Gerið grein fyrir hvort fyrirtækið hafi tilnefnt í stöður á framkvæmdastjórnarstigi varðandi efnahags-, umhverfis- og félagslega þætti og hvort sá er sinnir þeirri stöðu tilkynni beint til æðstu stjórnenda fyrirtækisins | Stjórnarhættir (framkvæmdaráð) | ● | 16–17 | |
| G4-37 | Skýrsluferli varðandi samráð milli hlutaðeigenda og æðsta stjórnanda vegna efnahags-, umhverfis-, og félagslegra þátta. Ef stýringu á ferlinu er úthlutað til annarra en æðstu stjórnenda, skýrið frá til hverra ferlinu er úthlutað og hvernig því er háttað | Forstöðumaður verkefnastofu ÞOS verkstýrði fyrir hönd forstjóra | ● | | |
| G4-38 | Skýrið samsetningu æðstu stjórnar og undirnefnda | Stjórnarháttayfirlýsing á: https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/fyrirtaekid/stjornarhaettir | ● | | |



| Efni | | Staðsetning | Staða | Blaðsíða | UNGC |
|---|---|---|---|---|---|
| G4-39 | Hlutverk stjórnarformanns (ef við á) | Starfsreglur stjórnar á: https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/fyrirtaekid/stjornarhaettir | ● | | |
| G4-40 | Skýrið ákvörðunarferli varðandi samsetningu, hæfni og sérþekkingar stjórnar- og nefndarmanna. Hvaða viðmið er notast við í vali, þ.m.t. hvort og hvernig er gætt að fjölbreytileika, hvort og hvernig sjálfstæð vinnubrögð einstaklinga eru tryggð, hvort og hvernig fagleg þekking og reynsla er til staðar varðandi efnahags-, umhverfis- og samfélagsmál. Hvort og hvernig hlutaðeigendur (þ.m.t. hluthafar) eru þátttakendur í ákvörðunartöku um val í æðstu stjórnir og nefndir | Almenn eigandastefna ríkisins | ◐ | | |
| G4-41 | Skýrið ferla sem tryggja upplýsingar um vanhæfi og hagsmunaárekstra stjórnarmanna | Starfsreglur stjórnar og siðareglur á: https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/fyrirtaekid/stjornarhaettir | ● | | |
| **HLUTVERK STJÓRNAR VARÐANDI TILGANG, GILDI OG STEFNUMÓTUN** | | | | | |
| G4-42 | Skýrið hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra varðandi þróun, samþykki og uppfærslu stefnumótunar, markmiðssetningar og mælieininga varðandi efnahags-, umhverfis- og samfélagsleg áhrif | Starfsreglur stjórnar og stjórnarháttayfirlýsing á: https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/fyrirtaekid/stjornarhaettir | ● | | |
| **FRAMMISTÖÐUMAT STJÓRNAR** | | | | | |
| G4-43 | Hvernig er þekking æðstu stjórnenda aukin hvað varðar efnahags-, umhverfis- og samfélagsmál | | ○ | | |
| G4-44 | Skýrið hvernig þekking stjórnenda á efnahags-, umhverfis- og samfélagsmálum er metin, hver sér um slíkt mat og hversu oft slíkt mat er framkvæmt | | ○ | | |
| **HLUTVERK STJÓRNAR Í ÁHÆTTUSTJÓRNUN** | | | | | |
| G4-45 | Skýrið hlutverk stjórnar í að greina áhrif, áhættu og tækifæri varðandi efnahags-, umhverfis- og samfélagsmál | Stjórnarhættir | ● | 14–15 | |
| G4-46 | Greinið frá árangursmati stjórnar varðandi áhættustjórnun efnahags-, umhverfis- og samfélagsmála | Stjórnarhættir | ◐ | 14–15 | |
| G4-47 | Greinið frá árangursmati stjórnar varðandi tækifæri í efnahags-, umhverfis- og samfélagsmálum | Stjórnarhættir | ◐ | 14–15 | |
| **HLUTVERK STJÓRNAR Í SKÝRSLUGJÖF VARÐANDI SJÁLFBÆRNI** | | | | | |
| G4-48 | Tilgreinið æðsta stjórnanda sem formlega metur og samþykkir sjálfbærniskýrslu og tekur ábyrgð á að allir efnisþættir séu útlistaðir og metnir | Forstjóri | ● | | |
| **HLUTVERK STJÓRNAR Í EFNAHAGSLEGU-, UMHVERFISLEGU- OG SAMFÉLAGSLEGU ÁRANGURSMATI** | | | | | |
| G4-49 | Skýrið upplýsingaferli til stjórnar varðandi mikilvæg áhyggjuefni | Í gegnum forstjóra og framkvæmdaráð | ● | | |
| G4-50 | Skýrið frá fjölda mála og umfangi þeirra sem vísað var til stjórnar er vörðuðu mikilvæg áhyggjuefni. Skýrið þau ferli sem notuð voru til greiningar og lausnar þessara mála | Stjórnarfundagerðir | ● | | |

- ● Uppfyllt
- ◐ Uppfyllt að hluta
- ○ Ekki uppfyllt
- ● (grár) Á ekki við

| Efni | | Staðsetning | Staða | Blaðsíða | UNGC |
|---|---|---|---|---|---|
| **STARFSKJARASTEFNA OG HVATNINGAKERFI** | | | | | |
| G4-51 | Skýrið starfskjarastefnu stjórnar og framkvæmdastjórnar | Starfskjarastefna 2016 staðfest á aðalfundi | Uppfyllt | | |
| G4-52 | Skýrið ferli kjarasamninga | Mannauður | Uppfyllt | 40–43 | |
| G4-53 | Skýrið hvernig leitað er eftir áliti hlutaðeigandi varðandi starfskjarasamninga, hvernig er það álit tekið til greina og hver er niðurstaða atkvæðagreiðslu við gerð stefnu í kjarasamningum (ef við á) | | Á ekki við | | |
| G4-54 | Tilgreinið hlutfall árlegra launauppbóta til hæstlaunaðasta starfsfólksins miðað við launauppbót óbreyttra starfsmanna fyrirtækisins í hverju landi fyrir sig | Engir bónusar eru greiddir í fyrirtækinu | Á ekki við | | |
| G4-55 | Tilgreinið prósentuhlutfall varðandi aukna árlega launauppbót til hæstlaunuðustu starfsmanna fyrirtækisins í hverju landi fyrir sig miðað við aukna launauppbót óbreyttra starfsmanna | Engir bónusar eru greiddir í fyrirtækinu | Á ekki við | | |
| **SIÐFRÆÐI OG HEILINDI** | | | | | |
| **STÖÐLUÐ UPPLÝSINGAGJÖF VARÐANDI YFIRLIT UM: GILDI, GRUNDVALLARREGLUR, KRÖFUR OG VIÐMIÐ FYRIRTÆKISINS** | | | | | |
| G4-56 | Greinið frá gildum, grundvallarreglum, kröfum og viðmiðum varðandi siðareglur | Mannauður, á heimasíðu: https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/fyrirtaekid/stefna-isavia | Uppfyllt | 40–43 | 10 |
| G4-57 | Skýrið ytri og innri ferli varðandi ráðgjöf við siðferði og lög sem koma að heilindum fyrirtækisins s.s. hjálpar- eða ráðgjafaleiðir | | Ekki uppfyllt | | 10 |
| G4-58 | Ytri og innri umkvörtunarferli varðandi ósiðlega hegðun, lögbrot og mál tengd heilindum fyrirtækisins s.s. ferli í gegnum straumlínustjórnun, ferli uppljóstrana eða nafnlausra ábendinga | Úrskurðir og dómar, Lög og reglugerðir á: https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/fyrirtaekid/log-og-reglugerdir | Uppfyllt | 39 | 10 |

## EFNAHAGUR

| Efni | | Staðsetning | Staða | Blaðsíða | UNGC |
|---|---|---|---|---|---|
| **FJÁRHAGSLEG FRAMMISTAÐA** | | | | | |
| G4-EC1 | Bein efnahagsleg verðmæti sköpuð og dreifð þ.m.t. tekjur, rekstrarkostnaður, greiðslur til starfsmanna, framlög og önnur fjárfesting í samfélaginu og greiðslur til ríkisins | Ársreikningur Isavia | Uppfyllt | 78–103 | |
| G4-EC2 | Fjárhagsleg áhrif og önnur áhætta og tækifæri fyrirtækisins vegna loftslagsbreytinga | | Ekki uppfyllt | | 7 |
| G4-EC3 | Yfirlit yfir skuldbindingar fyrirtækis vegna lífeyrisgreiðslna og kaupaukakerfa | Ársreikningur Isavia | Uppfyllt | 78–103 | |
| G4-EC4 | Verulegur fjárhagslegur stuðningur frá opinberum aðilum | Enginn | Uppfyllt | | |
| **NÁLÆGÐ Á MARKAÐI** | | | | | |
| G4-EC5 | Meðalbyrjendalaun eftir kyni m.v. lágmarkslaun í heimabyggð þar sem fyrirtækið er með stærri starfsstöðvar | | Ekki uppfyllt | | 6 |
| G4-EC6 | Hlutfall yfirstjórnenda sem ráðnir eru úr heimabyggð þar sem fyrirtækið er með stærri starfsstöðvar. Auk þess fyrir flugvelli: Eðlilegt fyrir flugvelli að ráðið sé utan nærsvæðis. | Allir stjórnendur Isavia eru íslenskir. Í fluggeiranum er það skilgreint sem nærsamfélag fyrirtækisins. | Uppfyllt | | 6 |
| A01 | Sérákvæði fyrir flugvelli: Heildarfjöldi farþega per ár, brotið niður eftir innanlandsflug vs. utanlands-, þjóð-erni, áfangastað, skiptifarþegar vs. brottfarar/komu. | Efnahagur, Staðreyndir og tölur á: https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/utgefid-efni/flugtolur/arleg-utgafa | Uppfyllt | 58–63 | |
| A02 | Sérákvæði fyrir flugvelli: Heilarfjöldi flughreyfinga nótt vs. dagur, brotið niður eftir farþegum, vörur, almennt flug og ríkisflug | Umsvif starfseminnar | Uppfyllt | 58–63 | |
| A03 | Sérákvæði fyrir flugvelli: Heildarmagn vöruflutninga | Umsvif starfseminnar | Uppfyllt | 58–63 | |
| **ÓBEIN EFNAHAGSLEG ÁHRIF** | | | | | |
| G4-EC7 | Þróun og áhrif af fjárfestingu í innviðum og þjónustu. Auk þess fyrir flugvelli: Skiptir sérstaklega miklu máli fyrir flugvelli vegna áhrifa á nærsamfélag. | Ársreikningur Isavia | Uppfyllt | 78–103 | |
| G4-EC8 | Mikil óbein efnahagsleg áhrif og umfang þeirra | Umsvif starfseminnar | Uppfyllt að hluta | 58–63 | |
| **INNKAUPASTEFNA** | | | | | |
| G4-EC9 | Hlutfall innkaupa frá birgjum úr nærsamfélagi þar sem fyrirtækið er með stærri starfsstöðvar | Hagaðilar (birgjar) | Uppfyllt | 39 | |

## UMHVERFISMÁL

| Efni | | Staðsetning | Staða | Blaðsíða | UNGC |
|---|---|---|---|---|---|
| **EFNISNOTKUN** | | | | | |
| G4-EN1 | Notkun á hráefni eftir þyngd eða magni | Umhverfi | Uppfyllt | 49–50 | 7, 8 |
| G4-EN2 | Hlutfall endurunnins hráefnis af notuðu hráefni | Umhverfi | Á ekki við | | 8 |
| **ORKA** | | | | | |
| G4-EN3 | Bein orkunotkun eftir orkutegund | Umhverfi | Uppfyllt | 49–50 | 7, 8 |
| G4-EN4 | Óbein orkunotkun eftir orkutegund | Umhverfi | Uppfyllt að hluta | 49–50 | 8 |
| G4-EN5 | Orkukræfni | Á meira við framleiðslufyrirtæki. | Uppfyllt að hluta | | 8 |
| G4-EN6 | Lækkun á orkunotkun. Auk þess fyrir flugvelli: Sérstaklega mikilvægt fyrir flugvelli að viðhafa „bestu vinnubrögð" í geiranum. | Umhverfi | Ekki uppfyllt | | 8, 9 |
| G4-EN7 | Lækkun á orkuþörfum af framleiddri vöru og/eða þjónustu | Umhverfi | Uppfyllt að hluta | 49–50 | 8, 9 |
| **VATN** | | | | | |
| G4-EN8 | Notkun vatns eftir uppruna | Umhverfi | Uppfyllt að hluta | 50 | 7, 8 |
| G4-EN9 | Mikil áhrif á vatnsból við vatnstöku | Enginn vatnsskortur í landinu. | Á ekki við | | 8 |
| G4-EN10 | Magn og hlutfall vatns sem er endurnýtt dog/eða endurunnið við framleiðslu | Umhverfi | Ekki uppfyllt | | 8 |
| A04 | Sérákvæði fyrir flugvelli: Gæði affallsvatns (storm water) m.v. þær reglur sem eru þar um | Umhverfi | Uppfyllt að hluta | 50 | |

- ● Uppfyllt
- ◐ Uppfyllt að hluta
- ○ Ekki uppfyllt
- ● (grár) Á ekki við

| Efni | | Staðsetning | Staða | Blaðsíða | UNGC |
|---|---|---|---|---|---|
| **LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNI** | | | | | |
| G4-EN11 | Staðsetning og stærð landskika í eigu, leigu eða umsjá fyrirtækisins innan verndaðra svæða eða svæða sem liggja að vernduðu landi og landi þar sem fjölbreytni lífríkis er mikil en er þó ekki verndað | Umhverfi, Lífríki á: https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/samfelag-og-umhverfi/umhverfi/lifriki | Uppfyllt að hluta | 54 | 8 |
| G4-EN12 | Lýsing á mikilsverðum áhrifum af starfsemi, vörum og þjónustu fyrirtækisins innan verndaðra svæða eða svæða sem liggja að vernduðu landi og landi þar sem fjölbreytni lífríkis er mikil en er þó ekki verndað | Umhverfi, Lífríki á: https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/samfelag-og-umhverfi/umhverfi/lifriki | Uppfyllt að hluta | | 8 |
| G4-EN13 | Varin eða endurheimt búsvæði | Umhverfi | Á ekki við | | 8 |
| G4-EN14 | Fjöldi tegunda á válista IUCN RED og tegundir í innlendum verndarflokki með búsvæði undir áhrifum framleiðslu fyrirtækisins, raðað eftir áhættu á útrýmingu | Umhverfi, Lífríki á: https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/samfelag-og-umhverfi/umhverfi/lifriki | Uppfyllt | | 8 |
| **LOSUN** | | | | | |
| G4-EN15 | Bein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (Umfang 1) | Umhverfi | Uppfyllt | 51–53 | 7, 8 |
| G4-EN16 | Óbein losun gróðurhúsa-lofttegunda (GHL) í gegnum orkunotkun (Umfang 2) | Umhverfi | Uppfyllt | 51–53 | 7, 8 |
| G4-EN17 | Önnur óbein losun gróðurhúsaloft-tegunda (GHL) (Umfang 3) | Umhverfi | Uppfyllt að hluta | 51–53 | 7, 8 |
| G4-EN18 | Umfang losunar gróðurhúsaloft-tegunda (GHL) | Umhverfi | Uppfyllt | 51–53 | 8 |
| G4-EN19 | Minnkun á losun gróðurhúsaloft-tegunda (GHL). Auk þess fyrir flugvelli: Fjalla sérstaklega um aðgerðir sbr. ACA | Umhverfi | Uppfyllt að hluta | 48–55 | 8, 9 |
| A05 | Sérákvæði fyrir flugvelli: Loftgæði í samræmi við styrk mengunarvalda í míkrógrömm á kúbíkmetra eða part á milljón skv. reglum | Umhverfi | Uppfyllt að hluta | 52–53 | 7, 8 |
| G4-EN20 | Losun ósoneyðandi efna | Umhverfi | Uppfyllt | 53 | 7, 8 |
| G4-EN21 | Losun köfnunarefnisoxíðs (Nox), brennisteinsoxíðs (Sox) og annarra lofttegunda | Umhverfi | Uppfyllt að hluta | 52–53 | 7, 8 |
| **FRÁRENNSLI OG ÚRGANGUR** | | | | | |
| G4-EN22 | Heildarfrárennsli vatns eftir gæðum og viðtaka | Umhverfi, Vatn á: https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/samfelag-og-umhverfi/umhverfi/vatn | Uppfyllt að hluta | 50 | 8 |
| G4-EN23 | Heildarþyngd úrgangs eftir tegund og förgunaraðferð. Auk þess fyrir flugvelli: Mælst til að gefa upplýsingar um magn úrgangs frá alþjóðaflugi. | Umhverfi, Endurvinnsla á: https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/samfelag-og-umhverfi/umhverfi/endurvinnsla | Uppfyllt | 51 | 8 |

| Efni | | Staðsetning | Staða | Blaðsíða | UNGC |
|---|---|---|---|---|---|
| A06 | Sérákvæði fyrir flugvelli: Magn afísingarvökva sem er notaður í rúmmetrum og/eða tonnum | Umhverfi | Uppfyllt | 49–50 | |
| G4-EN24 | Heildarfjöldi og magn vegna mikilsháttar leka | Umhverfi | Uppfyllt | 54 | 8 |
| G4-EN25 | Þyngd meintra eiturefna samkvæmt Basel samningi viðauka I, II, III og VIII sem er flutt innanlands, erlendis og/eða meðhöndluð hérlendis | Umhverfi | Á ekki við | | 8 |
| G4-EN26 | Sérstaða, stærð, verndunarflokkur og líffræðileg fjölbreytni vatnshlota og tengdra búsvæða sem verða fyrir stórvægilegum áhrifum vegna vatnstöku og/eða frárennslis | Umhverfi | Á ekki við | | 8 |
| G4-EN27 | Umfang aðgerða sem stuðla að minnkun umhverfisáhrifa á framleiðslu og/eða þjónustu | Umhverfi, Loft á: https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/samfelag-og-umhverfi/umhverfi/loft | Uppfyllt | 48–55 | 7, 8, 9 |
| G4-EN28 | Hlutfall seldra vara og umbúðir sem eru endurunnar eftir tegund | Umhverfi | Ekki uppfyllt | | 8 |
| **HÁVAÐI** | | | | | |
| A07 | Sérákvæði fyrir flugvelli: Breyting á fjölda og prósentuhlutfalli fólks sem verður fyrir áhrifum frá hávaða vegna búsetu | Umhverfi, Hljóð á: https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/samfelag-og-umhverfi/umhverfi/hljod | Uppfyllt | 52 | |
| **HLÍTING** | | | | | |
| G4-EN29 | Fjárhæð mikilsháttar sekta og tæmandi listi yfir viðurlög sem fyrirtækið hefur verið látið sæta vegna brota gegn umhverfisverndarlögum og -reglum | Umhverfi | Uppfyllt | 52 | 8 |
| **SAMGÖNGUR** | | | | | |
| G4-EN30 | Mikilsverð umhverfisáhrif vegna flutnings á framleiðsluvörum og öðrum vörum og hráefni sem fyrirtækið notar þ.m.t. ferðir starfsmanna | | Ekki uppfyllt | | 8 |
| **HEILDARÞÁTTUR** | | | | | |
| G4-EN31 | Heildarfjárfestingar og útgjöld vegna umhverfisverndar flokkað eftir tegund | | Ekki uppfyllt | | 7, 8, 9 |
| **UMHVERFISÁHRIF BIRGJA** | | | | | |
| G4-EN32 | Hlutfall nýrra birgja sem voru skimaðir eftir umhverfisvísum | | Ekki uppfyllt | | 8 |
| G4-EN33 | Möguleg eða raunveruleg hætta á neikvæðum umhverfisáhrifum í aðfangakeðju fyrirtækisins og viðbrögð við slíkum áhrifum | | Ekki uppfyllt | | 8 |
| **UMHVERFISMÁL OG HÖNDLUN UMKVÖRTUNAREFNA** | | | | | |
| G4-EN34 | Fjöldi umkvörtunarefna vegna umhverfisáhrifa sem tekið var á og leyst í gegnum formlegt ferli | Umhverfi | Uppfyllt að hluta | 48–55 | 8 |

## SAMFÉLAGSMÁL

| Efni | | Staðsetning | Staða | Blaðsíða | UNGC |
|---|---|---|---|---|---|
| **VINNUMÁL OG STARFSSKILYRÐI** | | | | | |
| **VINNUAFL** | | | | | |
| G4-LA1 | Starfsmannavelta eftir aldri, kyni og starfsstöð | Mannauður | Uppfyllt | 40–43 | 6 |

- ● Uppfyllt
- ◐ Uppfyllt að hluta
- ○ Ekki uppfyllt
- ● Á ekki við

| Efni | | Staðsetning | Staða | Blaðsíða | UNGC |
|---|---|---|---|---|---|
| G4-LA2 | Fríðindi fastráðins starfsfólks, raðað eftir starfsstöð | Mannauður | ● | 40–43 | |
| G4-LA3 | Endurkoma til starfa og starfslok eftir foreldraorlof eftir kyni | Mannauður | ● | 40–43 | 6 |
| **KJARAMÁL** | | | | | |
| G4-LA4 | Lágmarks uppsagnarfrestur í tengslum við mikilsháttar breytingar á starfsemi þ.m.t. hvort kveðið sé á um slíkt í kjarasamningum | Mannauður | ● | 40–43 | 3 |
| **VINNUEFTIRLIT** | | | | | |
| G4-LA5 | Hlutfall starfsfólks sem tekur þátt í nefndum um vinnueftirlit sem sjá um eftirfylgni og eftirlit gagnvart öryggi og heilsu starfsfólks. Greinið frá sérstökum átaksverkefnum (ef við á) | Mannauður | ● | 40–43 | |
| G4-LA6 | Tíðni meiðsla, starfstengdra sjúkdóma, fjarverudaga og dauðsfalla tengd starfi eftir starfsstöðvum | Mannauður | ● | 40–43 | 1 |
| G4-LA7 | Hlutfall starfsfólks sem er í áhættuhópi varðandi starfstengd slys eða sjúkdóma | | ○ | | |
| G4-LA8 | Heilsu- og áhættuþættir sem falla undir ákvæði í kjarasamningum | | ○ | | |
| **ÞJÁLFUN OG MENNTUN** | | | | | |
| G4-LA9 | Meðaltími fræðslustunda á starfsmann á ári eftir starfshópum og kyni | Mannauður | ● | 40–43 | 6 |
| G4-LA10 | Verkefni er lúta að þekkingarþróun og símenntun sem aðstoða starfsmenn í að viðhalda starfsmöguleikum sínum og stýra starfslokum | Mannauður | ● | 40–43 | |
| G4-LA11 | Hlutfall starfsmanna sem undirgangast reglulegt frammistöðu- og starfsþróunarmat m.a. með tilliti til kyns og starfsvettvangs | Mannauður | ● | 40–43 | 6 |
| **FJÖLBREYTILEIKI OG JÖFN TÆKIFÆRI** | | | | | |
| G4-LA12 | Samsetning stjórnenda og starfsmanna eftir kyni, aldri og minnihlutahópum, auk annarra fjölbreytileikavísa | Mannauður | ● | 40–43 | 6 |
| **LAUNAJAFNRÉTTI** | | | | | |
| G4-LA13 | Hlutfall launa karla og kvenna eftir flokkum og starfsstöðvum | Mannauður, Jafnlaunaúttekt PwC | ● | 40–43 | 6 |
| **MAT Á STARFSSKILYRÐUM STARFSFÓLKS BIRGJA** | | | | | |
| G4-LA14 | Hlutfall nýrra birgja sem skimaðir eru eftir vísum um starfsskilyrði | | ○ | | |
| G4-LA15 | Raunveruleg og möguleg neikvæð áhrif á starfsskilyrði í aðfangakeðju fyrirtækisins og viðbrögð við þeim áhrifum | | ○ | | |
| **STARFSSKILYRÐI OG HÖNDLUN UMKVÖRTUNAREFNA** | | | | | |
| G4-LA16 | Fjöldi umkvartana varðandi starfsskilyrði sem tekið var á og sett í samþykkt ferli á vinnustað | | ○ | | |



| Efni | | Staðsetning | Staða | Blaðsíða | UNGC |
|---|---|---|---|---|---|
| **MANNRÉTTINDI** | | | | | |
| **FJÁRFESTINGAR** | | | | | |
| G4-HR1 | Fjöldi og prósentuhlutfall af stórum fjárfestingasamningum og áætlunum sem hafa ákvæði varðandi mannréttindi eða hafa verið skimuð með mannréttindi í huga | | ○ | | 2 |
| G4-HR2 | Fjöldi klukkustunda sem fer í þjálfun vegna stefnu í mannréttindamálum og/eða fræðsla vegna verklagsreglna um mannréttindamál er varða starfsemi fyrirtækisins. Tilkynnið prósentuhlutfall starfsfólks sem hlotið hefur slíka þjálfun. | Mannauður | ◐ | 40–43 | 1 |
| **JAFNRÆÐI** | | | | | |
| G4-HR3 | Fjöldi atvika er varða jafnréttislög og aðgerðir í kjölfarið | Engin atvik | ● | | 6 |
| **FÉLAGAFRELSI OG SAMEIGINLEGAR KJARAVIÐRÆÐUR** | | | | | |
| G4-HR4 | Starfsemi og/eða birgjar sem hafa verið uppvísir að eða eru líklegir til að sniðganga lög um félagafrelsi og sameiginlegar kjaraviðræður og ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að tryggja slík réttindi | Isavia er einungis með starfsemi á Íslandi og talin óveruleg hætta á slíkum brotum. Siðareglur birgja í innleiðingu. | ◐ | 28 | 3 |
| **BARNAVINNA** | | | | | |
| G4-HR5 | Starfsemi þar sem hætta er á að barnavinna viðgangist og aðgerðir sem gripið hefur verið til til að koma í veg fyrir slíka starfsemi | Isavia er einungis með starfsemi á Íslandi og talin óveruleg hætta á slíkum brotum. Siðareglur birgja í innleiðingu. | ◐ | 28 | 5 |
| **NAUÐUNGARVINNA OG SKYLDUVINNA** | | | | | |
| G4-HR6 | Starfsemi þar sem hætta er á nauðungarvinnu og skylduvinnu og aðgerðir sem gripið hefur verið til til að koma í veg fyrir slíka starfsemi | Isavia er einungis með starfsemi á Íslandi og talin óveruleg hætta á slíkum brotum | ◐ | | 4 |
| **ÖRYGGISMÁL** | | | | | |
| G4-HR7 | Prósentuhlutfall starfsfólks er sinnir öryggismálum, sem hefur hlotið þjálfun og fræðslu varðandi mannréttindastefnu eða önnur viðeigandi réttindi er varða starfsemi fyrirtækisins | | ○ | | 1 |
| **FRUMBYGGJARÉTTUR** | | | | | |
| G4-HR8 | Fjöldi atvika er varða brot á réttindum frumbyggja á landi þeirra og ráðstafanir gerðar í kjölfarið | Á ekki við á Íslandi | Á ekki við | | 1 |
| **MAT** | | | | | |
| G4-HR9 | Hlutfall og fjöldi aðgerða sem hafa þarfnast umfjöllunar og/eða áhættumats vegna mannréttindamála | Á ekki við á Íslandi | Á ekki við | | 1 |
| **MAT Á MANNRÉTTINDAMÁLUM BIRGJA** | | | | | |
| G4-HR10 | Prósentuhlutfall birgja sem hafa verið rýndir á forsendum mannréttinda | | ○ | | 2 |

- ● Uppfyllt
- ◐ Uppfyllt að hluta
- ○ Ekki uppfyllt
- ● Á ekki við

| Efni | | Staðsetning | Staða | Blaðsíða | UNGC |
|---|---|---|---|---|---|
| G4-HR11 | Mannréttindabrot eða hætta á mannréttindabrotum og afleiðingar þeirra innan aðfangakeðju fyrirtækisins og aðgerðir við slíkum brotum | | ○ | | 2 |
| **MANNRÉTTINDI OG HÖNDLUN UMKVÖRTUNAREFNA** | | | | | |
| G4-HR12 | Hlutfall umkvörtunarefna vegna mannréttindabrota sem hafa verið tilkynnt, tekið á og leyst eftir formlegu ferli umkvörtunarefna | Engin umkvörtunarefni | ● | | 1 |

## SAMFÉLAG

